

**I EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

98/EES/50/01

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 165/98/COL frá 2. júlí 1998 um ríkisaðstoð í formi álagningar almannatryggingagjalds sem er mismunandi eftir landsvæðum (Noregur) (ríkisaðstoð nr. 95-010) ..... 1

3. EFTA-dómstóllinn

**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

98/EES/50/02

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1256 - OK Ekonomisk Förening/Kuwait Petroleum Sverige AB) ..... 25

98/EES/50/03

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1307 - Marsh & McLennan/Sedgwick) ..... 26

98/EES/50/04

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1340 - BNP/Dresdner Bank) ..... 26

98/EES/50/05

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1354 - SAirGroup/LTU) ..... 27

98/EES/50/06

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1368 - Ford/ZF) ..... 28

98/EES/50/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. IV/M.1260 – Edon/Rova/Reco) .....	28
98/EES/50/08	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 80/97 (áður NN 53/97) - Þýskaland .....	29
98/EES/50/09	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 47/98 (NN 41/98) - Ítalía .....	29
98/EES/50/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 45/98 (áður NN 45/97) - Þýskaland .....	29
98/EES/50/11	Orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 2. mgr. 9. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 95/93 og d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 .....	30
98/EES/50/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/37/EB í tengslum við vélar .....	31
98/EES/50/13	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun ráðsins 89/686/EBE frá 21. desember 1989 um persónuhlífar, eins og henni var breytt með tilskipunum ráðsins 93/68/EBE, 93/95/EBE og 96/58/EB .....	34
98/EES/50/14	Skrá yfir skjöl er varða EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 2. 11. til 13. 11. 1998 .....	36
98/EES/50/15	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	37

### 3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA NR. 165/98/COL 98/EES/50/01**

**frá 2. júlí 1998**

**um ríkisaðstoð í formi álagningar almannatryggingagjalds sem er mismunandi eftir landsvæðum (Noregur) (ríkisaðstoð nr. 95-010)**

### EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið<sup>(1)</sup>, einkum 61. til 63. gr. og bókun 26 við samninginn,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls<sup>(2)</sup>, einkum 24. gr. og 1. gr. í bókun 3,

með hliðsjón af athugasemdum sem borist hafa við þá ákvörðun hennar að hefja málsmeðferð sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

### I. INNGANGUR

Eftirlitsstofnunin fór þess á leit við norsk yfirvöld með bréfi dagsettu 16. júní 1995 (tilv. 95-3560-D) að þau létu henni í té tæmandi upplýsingar um mismunandi álagningu almannatryggingagjalds<sup>(3)</sup> á atvinnurekendur eftir landsvæðum. Þetta var gert til að kanna hvort ákveðnir þættir þessa fyrirkomulags fælu í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og ef svo væri í hvaða mæli hægt væri að beita einhverju af undanþáguákvæðum 3. mgr. 61. gr.

Norsk yfirvöld svöruðu beiðni Eftirlitsstofnunarinnar með bréfum dagsettum 5. september (tilv. 95-4968-A) og 19. september 1995 (tilv. 95-5441-A). Þar til í mars 1997 voru haldnir nokkrir óformlegir og faglegir fundir embættismanna Eftirstofnunarinnar og norskra yfirvalda. Á þeim fundum lögðu norsk yfirvöld fram nánari upplýsingar sem skipta máli vegna könnunar Eftirstofnunarinnar.

Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga komst Eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu<sup>(4)</sup> hinn 14. maí 1997 að lægri skattstig á svæðum 2-5 í norska kerfinu, sem gerir ráð fyrir misháum framlögum atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum, fælu í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. og að ekki væri heimild fyrir almennri undanþágu. Þar sem um væri að ræða fyrirbyggjandi aðstoðarkerfi lagði stofnunin því í sömu ákvörðun til að gerðar yrðu „viðeigandi ráðstafanir“ til þess að kerfi mishárra framlaga atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum samrýmdist EES-samningnum.

Framkvæmdastjórninni, þ.e. stjórnardeild IV/G sem fer með ríkisaðstoð, hefur á meðan könnuninni stóð

(1) Hér á eftir nefndur EES-samningurinn.

(2) Hér á eftir nefndur samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól.

(3) Hér á eftir einnig kallað skattstig.

(4) Ákvörðun nr. 145/97/COL.

verið skýrt frá gangi mála í samræmi við f-lið í bókun 27 við EES-samninginn. Eftirlitsstofnuninni höfðu því einnig borist athugasemdir við upphaflegt mat frá stjórnardeild IV/G áður en hún lagði til viðeigandi ráðstafanir<sup>(5)</sup>.

Eftirlitsstofnunin fór þess á leit við norsku ríkisstjórnina að hún samþykkti tillöguna um viðeigandi ráðstafanir eða legði að öðrum kosti fram athugasemdir sínar innan tveggja mánaða frá móttöku ákvörðunarinnar. Í bréfi dagsettu 11. júlí 1997 (tilv. 97-5170-A), svaraði norska ríkisstjórnin því til að hún gæti ekki fallist á tillögu Eftirlitsstofnunarinnar um viðeigandi ráðstafanir. Meðal annars héldu norsk yfirvöld því fram að mismunandi almannatryggingagjöld væri hluti af hinu almenna skattakerfi sem félli utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. Eftir að svar barst frá Noregi ákvað Eftirlitsstofnunin að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Með vísan til „Mezzogiorno“-málsins<sup>(6)</sup> (95/455/EC) lýsti stjórnardeild framkvæmdastjórnarinnar IV/G sig sammála því að Eftirlitsstofnunin hæfi formlega rannsókn (tilv. 97-7524-A).

Ákvörðun Eftirlitsstofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn var tekin 19. nóvember 1997 (ákv. nr. 246/97/COL). Norsku ríkisstjórninni var skýrt frá henni sama dag með eintaki af ákvörðuninni og gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir sínar við hana.

Meginefni ákvörðunarinnar var birt í formi tilkynningar<sup>(7)</sup> í *EES-deild Stjórnartíðinda Evrópubandalagsins* og *EES-viðbæti* þar sem öðrum aðildarríkjum EFTA sem aðilar eru að EES-samningnum, aðildarríkjum ESB og öðrum hagsmunaaðilum var skýrt frá henni og gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum innan eins mánaðar frá birtingu hennar.

Framkvæmdastjórn ESB var skýrt frá þessu í samræmi við bókun 27 við EES-samninginn með eintaki af ákvörðuninni.

Norsk yfirvöld svöruðu ákvörðun Eftirlitsstofnunarinnar um að hefja rannsókn með bréfi frá 23. janúar 1998 (tilv. 98-696-A), þar sem þau útskýrðu hvers vegna þau teldu að umrætt kerfi fæli ekki í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr., sjá 2. tl. III. hluta hér á eftir.

Eftirlitsstofnuninni bárust athugasemdir framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna við ákvörðun sinni um að hefja rannsókn í bréfi frá 5. mars 1998<sup>(8)</sup> þar sem m.a. kom fram að framkvæmdastjórnin:

- teldi að þetta fyrirkomulag fæli í sér rekstraraðstoð í þágu byggðasjónamiða við fyrirtæki sem staðsett voru á álagningarsvæðum 2-5,
- staðfesti að norska kerfið yrði að meta á grundvelli þar að lútandi reglna um ríkisaðstoð, einkum á grundvelli reglna um rekstraraðstoð til að veða á móti viðbótarflutningskostnaði í þágu fyrirtækja á dreifbýlissvæðum,
- væri að öllu leyti sammála túlkun Eftirlitsstofnunarinnar á þessum reglum,
- væri sammála því mati Eftirlitsstofnunarinnar að norska kerfið í núverandi mynd sé að hluta til ósamrýmanlegt framkvæmd EES-samningsins, og
- styddi eindregið tillögu Eftirlitsstofnunarinnar frá 14. maí 1997 um viðeigandi ráðstafanir.

Í sama bréfi vakti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna athygli Eftirlitsstofnunarinnar á ákvörðun sinni frá 30. júlí 1997 um að leggja til viðeigandi ráðstafanir samkvæmt 1. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna svipaðs sænsks aðstoðarkerfis (Ríkisaðstoð E 8/96 – Almannatryggingakerfi sem er mismunandi eftir landsvæðum).

Norsku ríkisstjórninni var tilkynnt um athugasemdir framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna með bréfi frá 6. mars 1998 (tilv. 98-1433-D). Athugasemdir Noregs við bréf framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna bárust með bréfi dagsettu 20. apríl 1998 (tilv. 98-2560-A). Norsk yfirvöld svöruðu því til að þau stæðu við þau sjónarmið sem fram kæmu í fyrri bréfum og að sænska almannatryggingakerfið sem væri mismunandi eftir landsvæðum væri í ýmsum atriðum ólíkt norska kerfinu.

<sup>(5)</sup> Bréf framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, stjórnardeild IV – samkeppnismál og ríkisaðstoð frá 28. mars 1997, tilv. 97-1924 A.

<sup>(6)</sup> Sjá Stjtið. EB nr. L 265 frá 1. mars 1995 (bls. 23-29).

<sup>(7)</sup> Sjá Stjtið. EB nr. C 38 frá 5. febrúar 1998 (bls. 6-17) og EES-viðbæti.

<sup>(8)</sup> Sjá SG(98) D/1946 (98-1420-A).

## II. MÁLSATVIK

### 1. Almenn

Nokkrum almennum þáttum norska almannatryggingakerfisins og fyrirkomulaginu á misháum framlögum atvinnurekenda til almannatrygginga eftir landsvæðum er lýst hér á eftir. Ítarlegri lýsingu er að finna í ákvörðun Eftirlitsstofnunarinnar frá 19. nóvember 1997 um að hefja rannsókn. Í þeirri ákvörðun er einnig nákvæmara yfirlit um efnahagsleg áhrif af þessu fyrirkomulagi og svæðisbundið óhagræði sem kann að réttlæta svæðisbundna aðstoð vegna flutninga.

### 2. Norska almannatryggingakerfið („Folketrygden”)

Samkvæmt norsku almannatryggingalögnum frá 17. júní 1966 taka skyldutryggingar til allra þeirra sem búa eða starfa í Noregi. Þeir sem kerfið tekur til eiga rétt á viðtækum bótum m.a. eftirlaunum, endurhæfingar- og sjúkratryggingum, launauppbótum og atvinnuleysisbótum.

Almannatryggingagjöld eru lögð á launþega og atvinnurekendur og miðast við heildarlaun. Af ýmsum orsökum hafa upphaflegar fjármögnunarleiðir norska tryggingakerfisins reynst ófullnægjandi og því verið þörf á viðbótarfjármagni frá ríkinu. Tryggingakerfið hefur því smám saman þróast úr hefðbundnu tryggingakerfi í átt að því að verða fastur hluti af fjármálakerfi ríkisins. Tekjur eru ekki eyrnamerkta og bæði tekju- og útgjaldaliðir falla að öllu leyti undir ríkisfjárlög.

Almannatryggingagjöld sem greidd eru af atvinnurekendum eru að frátöldum virðisaukaskatti mikilvægasta einstök tekjulind ríkisins. Á árinu 1995 voru skattatekjur af almannatryggingagjöldum atvinnurekenda áætlaðar nema 11% af heildartekjum í ríkisfjárlögum. Norska stórþingið ákveður árlega hlutfall framlaga til almannatrygginga, sem hluti fjárlaga ríkisins, ásamt öðrum sköttum og gjöldum.

Gjöldin eru reiknuð út frá heildarlaunatekjum hvers starfsmanns. Skattstigin eru á bilinu núll til 14,1%, eftir því á hvaða álagningarsvæði starfsmaður býr. Mismunurinn á skattstigum milli viðkomandi álagningarsvæða hefur engin áhrif á öflun einstaklingsbundinna réttinda í norska almannatryggingakerfinu.

Mismunandi skattstig voru innleidd árið 1975<sup>(9)</sup> af byggðapólitískum ástæðum. Landinu var þá skipt í 3 álagningarsvæði. Þrjú skattstig 17, 16 og 14 prósent komu þá í stað eins skattstigs sem áður hafði verið 16,7%. Frá þeim tíma hafa ýmsar breytingar verið gerðar á kerfinu bæði hvað varðar landfræðilega afmörkun og álagningu gjalda eftir svæðum. Í töflu 1 hér að neðan gefur að líta álagningu í prósentum frá 1. janúar 1995 og hlutfall íbúafjölda hvers álagningarsvæðis. Meðalálagning reiknast 12,6%.

Tafla 1 Framlög atvinnurekenda til almannatrygginga (1995)

Álagningar-svæði	Svæði	Álagning í prósentum <sup>(10)</sup>	Hluti af heildaríbúafjölda í prósentum <sup>(11)</sup>
1	Miðsvæði í Suður-Noregi	14,1	73,0
2	Önnur svæði í Suður-Noregi	10,6	14,8
3	Strandsvæði í Mið-Noregi	6,4	0,4
4	Norður-Noregur (að undanskildu svæði 5)	5,1	9,5
5	Finnmörk og norðurhluti Troms	0,0	2,3

Landfræðileg afmörkun álagningarsvæðanna var síðast endurskoðuð árið 1988. Síðan þá hafa aðeins minniháttar breytingar verið gerðar á þessu fyrirkomulagi.

Norsk yfirvöld lýsa meginatriðum kerfis mismunandi álagningar almannatryggingagjalds á atvinnurekendur eftir landsvæðum á eftirfarandi hátt<sup>(12)</sup>:

<sup>(9)</sup> Frumvarp til Stórþingsins, Ot prp nr. 12 1974-75.

<sup>(10)</sup> Í maí 1998 lagði ríkisstjórn Noregs til að skattstig yrðu lítilla lækkuð, þ.e. í 14,0%, 10,5%, 6,3 %, 5,0% og 0% á svæðum 1 til 5, sjá „St.prp. 54 Grønne skatter, Forslag til vedtak om fastsetting av arbeidsgiveravgiften for 1999”.

<sup>(11)</sup> Miðað við 1. janúar 1995.

<sup>(12)</sup> Sjá bréf dagsett 19. september 1995 (tilv. 95-5441-A).

- skattstigin miðast við skráða fasta búsetu hvers starfsmanns (sveitarfélag)<sup>(13)</sup>, en ekki við staðsetningu fyrirtækisins,
- kerfinu er beitt með sjálfvirkum hætti á grundvelli hlutlægra viðmiða og er ótímabundið,
- kerfið er hlutlaust með tilliti til atvinnugreinar, stærðar fyrirtækis, starfsgreinar eða atvinnustarfssemi, eignaraðildar o.s.frv.,
- kerfið gildir um alla starfsmenn bæði í einkareknum og opinberum fyrirtækjum, að stjórnsýslunni undanskilinni sem verður að greiða hámarksprósentu án tillits til búsetu starfsmanna,
- kerfið gildir um erlenda starfsmenn sem búa í Noregi ef þeir eru í almannatryggingakerfinu,
- framlög atvinnurekenda til almannatrygginga eru hlutlaus hvað varðar ríkisfang atvinnurekanda.

### 3. Álagningarsvæði 2-5 - Íbúadreifing

Svæði sem samsvara NUTS III-svæðum (miðað við fylki) þar sem íbúar eru færri en 12,5 á ferkílómetra kunna að eiga rétt á svæðisbundinni flutningsaðstoð í samræmi við þátt 28.2.3 í Málsmæðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar sem teknar voru upp og gefnar út af Eftirlitsstofnunar EFTA 19. janúar 1994<sup>(14)</sup>, með áorðnum breytingum hinn 20. júlí 1994 (leiðbeiningar um ríkisaðstoð).

Í níu norskum fylkjum<sup>(15)</sup> þar sem 31 prósent Norðmanna búa er mikið dreifbýli, en svo telst vera ef íbúar eru færri en 12,5 á ferkílómetra. Afmörkun álagningarsvæða 2-5 fylgir ekki fylkjamörkum. Nokkur fylki eru að öllu leyti innan álagningarsvæða 2-5, en önnur fylki eru aðeins að hluta til innan þeirra. Öll fylki eða fylkjalutar sem álagningarsvæði 2-5 ná yfir hafa færri en 12,5 íbúa á ferkílómetra. Á álagningarsvæði 2-5 búa 27 prósent þjóðarinnar, en á svæðinu sem fellur undir kortið yfir svæði sem eiga rétt á svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð búa 26 prósent þjóðarinnar. Þessi svæði og álagningarsvæði 2-5 skarast að verulegu leyti.

### 4. Efnahagsleg áhrif af lægri skattstigum á svæðum 2-5

#### *Umfang og svæðisdreifing fjárhagslegs ávinnings*

Eftirlitsstofnunin fól óháðum ráðgjafa að kanna efnahagsleg áhrif kerfisins<sup>(16)</sup>. Hann mat þann ávinning sem hlaut af mismunandi skattstigum eftir atvinnugrein, stærð fyrirtækis, álagningarsvæði og landsvæði. Ávinningurinn var metinn með tilliti til mismunar á áætluðum tekjum sem aflast hefðu ef hæsta skattstigið hefði almennt verið notað (á álagningarsvæði 1)<sup>(17)</sup>, og raunverulegum tekjum af framlögum atvinnurekenda til almannatrygginga vegna fyrirtækja á álagningarsvæðum 2-5.

Heildarávinningur var áætlaður 4.473 milljónir NOK (árið 1994), sjá töflu 2. Af þeirri fjárhæð má eigna Norður-Noregi (álagningarsvæði 4-5) 3.102 milljónir NOK, eða fast að 70 prósent af heildarfjárhæðinni. 1.519 milljónir NOK, sem samsvara um þriðjungi heildarávinnings, mátti tengja opinbera geiranum (sveitarfélag og fylki), á meðan um 17% af heildarupphæðinni tengdust framleiðsluinaðnum.

Tafla 2 Áætlaður ávinningur eftir svæðum og atvinnugreinaflokkun, í milljónum NOK (1994)

Atvinnugreinaflokkun (ISIC)	Svæði 5	Svæði 4	Svæði 3	Svæði 2	Greinin - samtals	% af heildarupphæð
Frumframleiðsla	12,9	48,6	6,2	46,5	114,2	2,6
Olíuvinnsla, námuvinnsla og grjótnám	38,1	28,6	0,4	22,6	89,7	2,0
Framleiðsluinaður	118,9	312,2	12,7	324,1	767,9	17,2
Rafmagns, gas- og vatnsveitur	20,7	45,3	1,4	37,6	105,0	2,3
Byggingariðnaður	47,1	146,2	5,9	99,3	298,5	6,7
Heildsala og smásala, veitingahúsa- og hótelfarsemi	121,6	338,2	5,6	150,7	616,1	13,8
Flutningar, geymsla og samgöngur	55,6	175,4	6,2	79,1	316,3	7,1

<sup>(13)</sup> Samkvæmt skilgreiningu laga nr. 1 frá 16. janúar 1970 „Lov om folkeregistrering“.

<sup>(14)</sup> Sjá Stjtið. EB nr. L 231, 3. 9. 1994 og Stjtið. EB nr. L 240, 15. 9. 1994.

<sup>(15)</sup> Finnmark, Troms, Norðland, Norður-Þrændalög, Sygna- og Firdafylki, Heiðmark, Upplönd; Þelamörk og Austur-Agðir (mannfjöldatölur í þessum málslög eiga við um árið 1995).

<sup>(16)</sup> „Benefits from reduced pay-roll taxes in Norway“ eftir Arild Hervik, Norska stjórnunarskólanum, BI (1996).

<sup>(17)</sup> Hér er lagt til grundvallar að hvorki fjárhæð launa, umfang starfsemi né skipting atvinnustarfsemi eftir greinum og svæðum verði fyrir áhrifum af skattstiginu. Þetta felur í sér að tilhneiging er til að ofmeta ávinning fyrirtækja á svæðum 2-5.

Fjármál, tryggingar, o.s.frv.	39,5	150,3	2,8	64,4	257,0	5,7
Önnur samfélags- og einstaklingsbundin þjónusta	79,2	146,7	5,2	81,1	312,2	7,0
Sveitarfélög og fylki	312,0	812,9	19,9	374,5	1.519,3	34,0
Ótilgreint	16,5	35,6	1,6	23,3	77,0	1,7
Greinin samtals	862,1	2.240,0	67,9	1.303,2	4.473,2	100
Hlutfall af heild	19,3	50,1	1,5	29,1	100,0	

Um 23 prósent af norska framleiðsluinaðinum<sup>(18)</sup> með heildarveltu sem nam 79 milljörðum NOK á árinu 1994 voru staðsett á álagningarsvæðum 2-5. Fjárhagslegur ávinningur iðnfyrirtækja á sama svæði hefur verið áætlaður nema 767,9 milljónum NOK, sem samsvarar um 1 prósent af veltu þeirra. Af þeirri fjárhæð mátti eign 16 prósent, þ.e. 124,9 milljón NOK stórfyrirtækjum með fleiri en 250 starfsmenn. Könnunin leiddi einnig í ljós að þjónustustarfsemi, m.a. flutningar og fjármálaþjónusta, hagnast af lægri álagningu á svæðum 2-5.

#### Dreifing eftir svæðum

Eins og skýrt er frá hér að framan eru framlög atvinnurekenda til almannatrygginga reiknuð sem hlutfall af heildartekjum hvers starfsmanns. Raunverulegt skattstig sem miðað er við fer eftir skráðri búsetu starfsmannsins. Þar sem flestir starfsmenn eiga heimili nálægt vinnustað sínum miðast almannatryggingagjöld sem lögð eru á atvinnurekendur á tilteknu álagningarsvæði yfirleitt við tekjur launþega sem búa á sama svæði. Þetta fæst staðfest með töflu 3. Feitlettruðu tölurnar um einstök landsvæði sem sýndar eru skáhallt í töflu 3, sýna að skattatekjur tengjast að mestu leyti starfsmönnum sem búa á sama álagningarsvæði og þeir starfa. (Þetta sést auðvitað ekki á álagningarsvæði 5 þar sem álagningin er núll og skattatekjur eru engar.)

Tafla 3 Tekjur af framlögum atvinnurekanda eftir álagningarsvæðum í milljónum NOK (1994)

		Svæði 1	Búsetusvæði starfsmanna					Samtals
			Svæði 2	Svæði 3	Svæði 4	Svæði 5		
Staðsetning atvinnurekenda	Svæði 1	33916	750	8	73	0	34747	
	Svæði 2	322	3209	1	4	0	3537	
	Svæði 3	4	2	47	0	0	53	
	Svæði 4	71	11	1	1219	0	1302	
	Svæði 5	14	2	0	5	0	20	
	Ótilgreint	666	48	1	17	0	732	
	Samtals	34993	4022	58	1318	0	40391	

Heimild: Hervik, „Benefits from reduced pay-roll taxes in Norway”

#### Áhrif á launamyndun

Fyrstu áhrif af lækkun álagningar almannatryggingagjalda á atvinnurekendur verða lækkun á heildarlaunakostnaði þeirra. Ef slík lækkun hefur hins vegar í för með sér launahækkun fer hluti ávinningsins til launþega (yfirfærsluáhrif). Hugsanleg yfirfærsluáhrif þýða að hreinn ávinningur fyrirtækja kann að vera minni en það tap á skatttekjum sem fylgir lægri skattstigum á svæðum 2-5.

Ráðgjafi Eftirlitsstofnunarinnar kannaði hugsanleg yfirfærsluáhrif og umfang þeirra. Norsk stjórnvöld létu fara fram aðskilda könnun<sup>(19)</sup> á sama viðfangsefni.

Norsk stjórnvöld vísa í bréfi sínu frá 23. janúar 1998 til nýrrar könnunar<sup>(20)</sup>, þar sem talið er að 60 til 100 prósent af áhrifum breytinga á launasköttum kunni að færast yfir á laun.

<sup>(18)</sup> Miðað við veltu.

<sup>(19)</sup> „Effects on wages from changes in pay-roll taxes in Norway” eftir Dr. Nils Martin Stølen hagfræðing, Hagstofu Noregs.

<sup>(20)</sup> „Wage and Employment Effects of Payroll Taxes and Investment Subsidies”, Frode Johansen og Tor Jakob Klette, umræðurit, maí 1997, Hagstofa Noregs.

Niðurstöður fyrrnefndra kannana eru í stuttu máli sem hér segir:

- Engar tölulegar kannanir veita nákvæm svör við því hvernig breytingar á launasköttum hafa áhrif á launamyndun. Í tölulegum könnunum sem byggjast á innlendum gögnum eru yfirfærsluáhrifin talin vera á bilinu 20 til 100 prósent.
- Allar tölulegar kannanir sem byggjast á innlendum gögnum sýna að lækkun á almannatryggingagjöldum atvinnurekenda leiðir til lækkunar á launakostnaði fyrirtækja til skamms tíma. Flestar kannanirnar benda til þess að launatengdur kostnaður fyrirtækja verði einnig fyrir áhrifum til langs tíma lítið, en í minna mæli. Með öðrum orðum þá benda flestar kannanir til þess að efnahagslegur ávinningur vegna lækkaðra launaskatta færist að vissu marki og til langs tíma lítið yfir til launþega í formi hærri launa.
- Sumar kannanir sem byggjast á svæðisbundnum gögnum benda til þess að yfirfærsluáhrif vegna svæðisbundinnar lækkunar á launasköttum kunni að vera takmarkaðri en almenn lækkun, en í því felst að líklegt er að minnihluti ágóðans færist yfir til starfsmanna þegar lækkun á launasköttum tekur eingöngu til ákveðinna svæða.

## 5. Aukakostnaður vegna flutninga

Auk mikils dreifbýlis eru svæðisbundnir ókostir einkennandi fyrir Norðurlönd, þ.e. *viðbótarútgjöld fyrirtækja vegna mjög mikilla vegalengda og erfiðra veðurskilyrða<sup>(21)</sup>*. Af þessum sökum er í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð gert ráð fyrir að rekstraraðstoð sem miðar að því að „*bæta aukakostnað vegna flutninga að hluta<sup>(22)</sup>*“ kunni að vera réttlætunleg samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þætti 28.2.3.2 leiðbeininganna.

Eftirlitsstofnunin hefur í samvinnu við norsk yfirvöld athugað möguleika á að áætla viðbótarflutningskostnað á grundvelli tiltækra tölfræðilegra upplýsinga. Útreikningar byggðir á þeim sýndu undantekningarlaust að heildarupphæð áætlaðs aukakostnaðar af flutningum á hverju álagningarsvæði var umtalsvert hærri en ávinningurinn sem leiddi af lægri skattstígum.

Að auki hafa norsk yfirvöld látið gera sértaka könnun á sambandi aukakostnaðar af flutningum og lægri framlaga til almannatrygginga á álagningarsvæðum 2-5 fyrir einstök útflutningsfyrirtæki og fyrirtæki sem keppa við innflutning á sviði framleiðslu og námuíðnaðar.

Könnunin tók til marktæks úrtaks 36 fyrirtækja sem endurspegladi ástandið í iðnaðarstarfsemi á álagningarsvæðum 2-5 og sem voru valin úr samtals 180 slíkum fyrirtækjum með meira en 50 starfsmenn hvert. Könnunin tók til dæmigerðra norskra útflutningsvara svo sem málma (þar með talið ál og járnblend) tímurs og timburvöru, húsgagna, vefnaðarvöru, plastvara, unninnar málmvöru og -búnaðar, unninna fiskafurða og námu- og grjótnámsvara, en ekki til stálframleiðslu og skipasmíða.

Könnunin leiddi í ljós að í heild fór viðbótarkostnaður vegna flutninga langt fram úr áætluðum ávinningi fyrirtækjanna af lægri framlögum til almannatrygginga. Í hverju einstöku fyrirtæki sem könnunin náði til var aukakostnaður af flutningum hærri en áætlaður ávinningur. Áætlaður ávinningur af lægri skattstígum var reiknaður út samkvæmt aðferð sem ráðgjafi Eftirlitsstofnunarinnar beitti. Áhrif hugsanlegra yfirfærsluáhrifa voru ekki tekin til greina við útreikningana.

## III. MAT

### 1. Beiting 1. mgr. 61. gr.

Í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins er kveðið á um eftirfarandi,

*„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila“.*

<sup>(21)</sup> Sjá 1. mgr. í 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð.

<sup>(22)</sup> Sjá 2. mgr. í 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð.



Fyrsta spurningin sem taka ber til athugunar er hvort lægri framlög atvinnurekenda til almannatrygginga skuli teljast ríkisaðstoð sem ívilni ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu á tilteknum vörum. Hugtakið aðstoð er mjög víðtækt sem leiðir þegar af orðalagi 1. mgr. 61. gr. („hvers kyns aðstoð“). Einnig leiðir af réttarvenju Evrópudómstólsins að hugtakið tekur bæði til ákvarðana sem tryggja fyrirtækjum og öðrum aðilum fjármuni og þeirra sem veita þeim ávinning<sup>(23)</sup>. Ýmsir aðrir úrskurðir Evrópudómstólsins<sup>(24)</sup>, og stjórnsluvenjur framkvæmdastjórnarinnar<sup>(25)</sup>, gera kleifa þá ótvíræðu ályktun að hugtakið aðstoð sem notað er í 1. mgr. 61. gr. takmarkast ekki við framlög í formi yfirfærslu á efnislegum verðmætum heldur tekur það einnig til eftirgjafar eða undanþágu frá álögum sem ríkið leggur á almennt þar með talið til sjúkratrygginga og almannatryggingagjalda<sup>(26)</sup>, án þess að einhvers samsvarandi sé krafist á móti.

Áhrifin af kerfi lægri skattstiga á álagningarsvæðum 2-5 eru að tiltekin fyrirtæki, sem geta hagnýtt sér þessa álagningu, eru leyst undan skattbyrði í samburði við fyrirtæki sem ekki geta gert það. Aðgerðin sem hér um ræðir leiðir af löggjöf landsins (*Lov om folketrygd*) og árlegum ákvörðunum stórþingsins um skattstig ár hvert.

Með því að tryggja þannig tilteknum fyrirtækjum ávinning með tilstilli fjárlaga ríkisins verður að telja að sú ráðstöfun sem hér er til umfjöllunar feli í sér ríkisaðstoð að svo miklu leyti að ekki er unnt að réttlæta lægri skattstig með eðli kerfisins og almennri uppbyggingu þess<sup>(27)</sup>. Slíkt gæti talist vera raunin ef til dæmis lægri skattstig væru tengd áunnum réttindum. Í raun hefur Eftirlitsstofnunin veitt því athygli að lægri skattstig hafa ekki áhrif á þau réttindi sem aflað er innan norska almannatryggingakerfisins.

Því má halda fram að lægri almannatryggingagjöld geti haft áhrif á launamyndun og að viðkomandi fyrirtæki njóti ekki til fulls ávinnings af þeim ráðstöfunum sem hér eru til umfjöllunar. Hvað þetta varðar telur Eftirlitsstofnunin að lægri skattstig feli augljóslega í sér ávinning. Kannanir á yfirfærsluáhrifum sem fjallað er um í II. hluta þessarar ákvörðunar staðfesta að þessi ávinningur leiðir til lægri launakostnaðar. Þar sem sú er raunin, breytir sú athugasemd að með tímanum kunni fyrirtæki að deila þessum ávinningi í einhverjum mæli með starfsmönnum ekki þeirri staðreynd að fyrirtækin njóta hagsbóta í skilningi 1. mgr. 61. gr.

1. mgr. 61. gr. bannar ráðstafanir sem ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara. Meginviðmiðið til að greina ráðstöfun sem felur í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr., frá almennri efnahagslegri ráðstöfun sem bannið tekur ekki til er, með öðrum orðum, hvort ráðstöfunin sé í eðli sínu sértæk. Eftirlitsstofnunin telur að viðmiðinu um sértæka aðgerð sé fullnægt m.a. þegar áhrif ráðstöfunar eru þau að ívilna fyrirtækjum sem staðsett eru á ákveðnum svæðum andstætt því sem við á um meirihluta fyrirtækja á öðrum svæðum sem ekki geta hagnýtt sér ráðstöfunina.

Það fyrirkomulag að lægri skattstig miðist við skráða búsetu starfsmanns en ekki staðsetningu fyrirtækis tæknilega séð verður að skoða með tilliti til áhrifanna sem það hefur. Eftirlitsstofnunin hefur komist að þeirri niðurstöðu, með hliðsjón af stærð, staðfræðilegum og landfræðilegum einkennum svæðisins sem svæði 2-5 mynda, að mikillar samsvörunar gætir milli þess svæðis þar sem fyrirtækið er staðsett og svæðisins þar sem starfsfólk þess hefur fasta búsetu, sbr. töflu 3. Þar af leiðir að áhrif kerfisins er að ívilna ákveðnum fyrirtækjum, þ.e. fyrirtækjum sem eru staðsett þannig að meirihluti starfsmanna þess er yfirleitt með fasta búsetu í sveitarfélögum innan álagningarsvæða 2-5. Fyrirtæki sem geta nýtt sér lægri álagningu eru að jafnaði fyrirtæki sem staðsett eru í sveitarfélögum innan álagningarsvæða 2-5, en fyrirtæki sem staðsett eru á álagningarsvæði 1 geta yfirleitt ekki nýtt sér þetta nema að verulega takmörkuðu leyti, sbr. töflu 3.

Bannið í 1. mgr. 61. gr. tekur til ráðstafana sem raska eða eru til þess fallnar að raska samkeppni að því marki sem þær hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila. Fyrirtæki sem njóta hagræðis af lægri álagningu almannatryggingagjalda komast í betri samkeppnisstöðu þar sem ríkisaðgerðir létta af þeim hluta af skattbyrði þeirra sem beinlínis stuðlar að lækkun launa- og framleiðslukostnaðar þeirra og raska þannig samkeppni.

<sup>(23)</sup> C-61/79, *Administrazione della Finanze gegen Denavit Italiana* [ 1980] dómasafn 3, 31. mgr.

<sup>(24)</sup> C-30/59, *Steenkolenmijnen tegen High Authority* dómasafn 1961, bls. 1, mgr. 19.

<sup>(25)</sup> Sjá m.a. 22. skýrslu um stefnu í samkeppnismálum 1992 bls. 264-266, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. mars 1995, Stjtið. EB nr. L 265 frá 8. 11. 1995, bls. 23-29, ríkisaðstoð E 8/96 – Kerfi mishárna framlaga til almannatrygginga (Svþjóð).

<sup>(26)</sup> C-203/83 *Framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu* dómasafn 1983, bls. 2525, C-173/73 *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* dómasafn 1974, bls. 475, C-301/87 *Frakkland gegn framkvæmdastjórninni* dómasafn 1990, bls. I 307.

<sup>(27)</sup> C-173/73, *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni* dómasafn 1974, bls. 475, 15. gr.

Lægri skattstig á svæðum 2-5 gilda um öll fyrirtæki sem ráða til sín starfsmenn sem búa á þessum svæðum, þar með talin fyrirtæki á þessum svæðum sem eiga í samkeppni innan EES, m.a. fyrirtæki sem annast útflutning og innlend fyrirtæki sem keppa við erlenda vöruframleiðendur og þjónustuaðila á EES. Einkum ber að leggja áherslu á að fyrirtæki<sup>(28)</sup> sem hafa hag af lægri álagningu á svæðum 2-5 eru í samkeppni við framleiðendur á álagningarsvæði 1 eða framleiðendur í öðrum EES-ríkjum, t.d. álframleiðendur, framleiðendur á járnblendi, stálver og skipasmíðastöðvar, svo dæmi séu tekin og staðsett eru á, eða nálægt, álagningarsvæðum 2-5, hafa nú hag af lægri vinnuafskostnaði en hann hefði verið, vegna lægri skattstiga á svæðum 2-5. Miðað við aðstæður þar sem þessi lægri skattstig hefðu ekki verið notuð, styrkir þessi aðstoð stöðu þessara fyrirtækja gagnvart öðrum fyrirtækjum sem keppa á EES, og veikir stöðu hinna síðarnefndu. Hér skal vísað í dóm Evrópudómstólsins í máli 730/79 *Philip Morris gegn framkvæmdastjórninni*<sup>(29)</sup>. Þar af leiðandi raskar umrædd aðstoð samkeppni eða er til þess fallin að raska samkeppni á EES.

Samkvæmt „Fjölskyldubótadómnum“<sup>(30)</sup>, nægir að sýna fram á að styrkt fyrirtæki eða vörur séu í samkeppni við fyrirtæki eða vörur í öðrum EES-ríkjum, til að komast að þeirri niðurstöðu að viðskipti milli samningsaðila verði fyrir áhrifum í skilningi 1. mgr. 61. gr. Eins og þegar var getið hér að framan er þannig farið í þessu máli. Sú staðreynd að lægri skattstig gilda einnig um atvinnugreinar sem hlíft er við alþjóðlegri samkeppni kemur ekki í veg fyrir þessi áhrif. Þá hefur Eftirlitsstofnunin ekki gert neinar athugasemdir við beitingu lægri skattstiga gagnvart slíkri starfsemi.

Í ljósi fyrrnefndra atriða verður Eftirlitsstofnunin að álykta að norska kerfið þar sem álagning almennatryggingagjalda á atvinnurekendur er mismunandi eftir landsvæðum feli í sér ríkisaðstoð sem í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins samrýmist ekki framkvæmd hans.

## 2. Svar norsku ríkisstjórnarinnar

Í svari sínu<sup>(31)</sup> við ákvörðun Eftirlitsstofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn halda norsk stjórnvöld því fram að kerfi mismunandi álagningar eftir landsvæðum falli ekki undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Lýsing stjórnvalda á kerfi álagningar almennatryggingargjalda á atvinnurekendur sem er mismunandi eftir landsvæðum er í samræmi við hina stuttu lýsingu á norska almennatryggingakerfinu („Folketrygden“) í II. hluta þessarar ákvörðunar. Að auki benda þau á að mismunandi almennatryggingagjöld eru einnig lögð á starfsmenn, sjálfstæða atvinnurekendur og m.a. eftirlaunaþega. Ennfremur er greint frá því í svarinu að hefði hæsta skattstigið fyrir framlög atvinnurekenda (á svæði 1) gilt almennt um allt landið hefðu heildartekjur ríkisins á árinu 1994 aukist um u.þ.b. 4,5 milljarða NOK.

Norsk stjórnvöld styðja sjónarmið sín ýmsum rökum sem Eftirlitsstofnunin hefur dregið saman og fram koma í liðum a-h hér á eftir, ásamt athugasemdum:

a) Norsk stjórnvöld halda því fram að mismunandi álagning almennatryggingargjalda sé óaðskiljanlegur hluti af almenna skatta- og yfirfærsluferfum í Noregi og að kerfið sé almenn skattaráðstöfun sem falli utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og einnig utan gildissviðs samningsins þar sem hann taki sem slíkur ekki til skattlagningar.

Um a) Eftirlitsstofnunin er sammála því að EES-samningurinn feli ekki í sér ákvæði um samræmingu á skattkerfum samningsaðilanna. Þó er ljóst að samningsaðilarnir mega ekki beita skattaráðstöfunum sem ganga gegn samningnum með því að brjóta reglur um ríkisaðstoð eða aðrar reglur. Í 14. gr. EES-samningsins er kveðið á um skýrt dæmi um þetta. Vísað er til 9. mgr. í dómi Evrópudómstólsins í máli 57/86 *Grikkland gegn framkvæmdastjórninni*, þar sem dómstóllinn taldi að beiting aðildarríkjanna á heimildum á sviði peningamála heimiluðu þeim ekki að gera einhliða ráðstafanir sem bannaðar væru samkvæmt EB-sáttmálanum.

b) Norsk stjórnvöld fullyrða að eitt af meginmarkmiðum norskrar skatta- og yfirfærslustefnu sé að skapa jafnari lífskjör óháð búsetu. Mismunandi almennatryggingagjöld séu ein ráðstöfun af mörgum til að ná þessu markmiði. Í þessu samhengi er vísað til víðtæks kerfis sem tekur til yfirfærslu ríkisstjórnarinnar til sveitarfélaga og lægri skattstiga í nyrstu héruðum landsins. Því er

<sup>(28)</sup> Sjá töflu 2.

<sup>(29)</sup> Sjá 11. mgr. dóms frá 17. september 1980, *Philip Morris gegn framkvæmdastjórn*, mál 730/79.

<sup>(30)</sup> Sjá 19. mgr., *Ítalía gegn framkvæmdastjórninni*, mál 173/73.

<sup>(31)</sup> Sjá bréf frá 23. janúar 1998 (98-696-A).

haldið fram að slíkar ráðstafanir og mishá framlög atvinnurekenda til almannatrygginga hafi ýmis sameiginleg langtímaeinkenni, m.a. í þeim skilningi að áhrif þeirra mótist af markaðsbúskap og hafi áhrif á markaðsþáttakendur og þar með launamyndun. Staðhæft er að lækkun á tekjusköttum einstaklinga muni í fyrstu auka ráðstöfunartekjur starfsmanna, en til lengri tíma litið muni slíkum ávinningi vera deilt með atvinnurekendum vegna launaþróunar. Á sama hátt muni lægri framlög atvinnurekenda til almannatrygginga auka hagnað þeirra til að byrja með, en til lengri tíma litið öðlist starfsmenn hlutdeild í ávinningnum vegna hærri launa. Vísað er til nýlegrar könnunar<sup>(32)</sup> sem bendir til þess að verulegur hluti lækkunar á framlögum til almannatrygginga færist yfir á starfsmenn í formi hærri launa (yfirflutningsáhrif). Komist er að þeirri niðurstöðu að svipuð verkun milli ýmissa þátta skatta- og yfirfærslukerfisins undirstriki nauðsyn þess að líta á kerfi mishárra framlaga til almannatrygginga sem hluta af heildar skatta- og yfirfærslukerfinu sem ætlað sé að ná þeim markmiðum sem um getur hér að framan.

Um b) Eftirlitstofnunin tekur ekki fyrir það að líta megi á kerfi mishárra framlaga sem hluta af norska skatta- og yfirfærslukerfinu og að það hafi að markmiði að skapa jafnari lífskjör. Þó breytir sú staðreynd, að líta megi á mishá framlög á þennan hátt, ekki því að í misháum framlögum atvinnurekenda til almannatrygginga felst sérstök skattatilhögun þar sem fyrirtæki leggja sitt af mörkum til að fjármagna almannatryggingakerfið og að lægri skattstig eru í þágu tiltekinn fyrirtækja eins og greint er frá í þætti III.1. hér að framan, sem raskar samkeppni og viðskiptum. Það að skattaákvæði sem eru mismunandi eftir svæðum séu hluti af hinu almenna kerfi kemur ekki í veg fyrir að samkeppni raskist af völdum svæðisbundinnar mismununar. Því eiga rökkin ekki við hér. Ef þessi röksemd ætti við hér og réði úrslitum hefði það augljóslega í för með sér að viðmiðið um sértækar ráðstafanir sem felst í 1. mgr. 61. gr. ætti nánast ekki við um neina skattaráðstöfun þar sem slík ráðstöfun myndi alla jafna tilheyra almennu skattakerfi. Meint fjárflyunareðli kerfisins nægir ekki til að hlífa því við beitingu 61. gr. EES-samningsins<sup>(33)</sup>. Sú staðreynd að eitt markmið almenna skattakerfisins í Noregi sé að stuðla að tekjujöfnuði fær ekki breytt þeirri niðurstöðu að kerfið felur í sér ríkisaðstoð, sbr. „um c“ hér á eftir. Hvað varðar yfirfærsluáhrifin telur Eftirlitsstofnunin að eðlilegt sé að telja að ákveðnir þættir í lækkun almannatryggingagjalda sem lögð eru á atvinnurekendur færast yfir á launamenn í formi hærri launa. Þetta breytir þó ekki því að fyrirtæki sem njóta lægri álagningar njóta einnig kostnaðarhagræðis og þar með samkeppnishagræðis miðað við fyrirtæki sem ekki njóta lægri álagningar.

c) Norsk stjórnvöld fallast á að ákveðnar skattareglur kunni að brjóta í bága við ákvæðin um ríkisaðstoð þrátt yfir að almenn skattastefna falli utan gildissviðs EES-samningsins. Vísað er til „fjölskyldubótadómsins“<sup>(34)</sup>, þar sem Evrópudómstóllinn úrskurðaði að lækkuð almannatryggingagjöld í ítölskum textflíðnaði væru undantekningar frá eðlilegri beitingu hins almenna almannatryggingakerfis, „án þess að eðli eða almenn tilhögun þessa kerfis réttlætti undantekningarnar á nokkurn hátt“. Samkvæmt norskum stjórnvöldum setur þessi dómur þá reglu að beiting viðmiðana fari eftir mati á efnahagslegu umhverfi og aðstæðum í hverju tilviki og að í þessu samhengi beri að taka tillit til markmiðs viðkomandi ráðstöfunar. Þar sem hér sé um að ræða óaðskiljanlega hluta af norska skattakerfinu, sem m.a. hafi þau markmið sem getið er um hér að framan, staðhæfa norsk stjórnvöld að „þessi sjónarmið brjóti ekki á bága við ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins um ríkisaðstoð.“

Þar sem mismunandi almannatryggingagjöld fara eftir búsetu starfsmanna en ekki staðsetningu fyrirtækis halda norsk stjórnvöld því fram að starfsmenn frá svæðum þar sem lægri álagningu er beitt njóti ávinnings á vinnumarkaðinum, sem ásamt öðrum skatta- og yfirfærsluaðgerðum styrki atvinnu á einstökum svæðum og stuðli að tekjujöfnun. Norska ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að þegar skattaleg ráðstöfun ber slík almenn einkenni og hefur slík almenn áhrif sé ekki unnt að líta á hana sem ríkisaðstoð í skilningi EES-samningsins.

Um c) Sú skoðun norskra stjórnvalda að taka skuli mið af markmiði ákveðinnar pólitískrar ráðstöfunar, til dæmis að styrkja atvinnu á einstökum svæðum og stuðla að tekjujöfnun, við beitingu 1. mgr. 61. gr., er ekki í samræmi við fyrirliggjandi dómafordæmi. Evrópudómstóllinn taldi, m.a. í „fjölskyldubótadómnum“ að 92. gr. EB-sáttmálans (sem samsvarar 61. gr. EES-samningsins)

<sup>(32)</sup> Frode Johansen og Tor Jakob Klette, tilv. rit.

<sup>(33)</sup> Sjá 13. mgr., Ítalía gen framkvæmdastjórninni, mál 173/73.

<sup>(34)</sup> Ítalía gegn framkvæmdastjórninni, mál 173/73.

gerði „*ekki greinarmun á viðkomandi ráðstöfunum um íhlutun ríkisins á grundvelli ástæðna þeirra eða markmiða heldur skilgreinir þær út frá áhrifum þeirra*<sup>(35)</sup>“. Röksemd norskra stjórnvalda á því ekki við hvað varðar spurninguna um beitingu 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, en kann hins vegar að koma til greina þegar um er að ræða undanþágur sem grundvallaðar eru á 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

- d) Norsk stjórnvöld fullyrða að kerfi lækkaðra framlaga til almannatrygginga gildi með sjálfvirkum hætti á grundvelli hlutlægra valviðmiða, m.a. eftir því hvar starfsmaður býr, þar sem ekkert fyrirtæki sé útilokað frá kerfinu. Kerfið gildir ótímabundið. Lægri gjöld gilda um mikinn fjölda fólks, á árinu 1985 gagnvart um 850.000 launþegum af u.þ.b. 3.200.000 alls. Að áliti norskra stjórnvalda undirstrikar þetta almenn einkenni kerfisins. Á meðan viðurkennt er að fyrirtæki séu að jafnaði staðsett á sama svæði og starfsmenn þeirra búa, er bent á þann möguleika að starfsmenn ferðist daglega milli heimilis og vinnustaðar og þar með að fyrirtæki á svæði þar sem há álagning gildir ráði til sín fólk sem búi á svæðum lágrar álagningar, endurspegli það hið almenna eðli kerfisins. Því er haldið fram að mismunandi álagning af þessu tagi geti ekki talist ívilna „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“ eins og kveðið er á um í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

- Um d) Eftirlitsstofnunin andmælir því ekki að kerfið sé starfrækt á sjálfvirkan hátt á grundvelli hlutlægra viðmiða, m.a. búsetu launþega. Sú staðreynd að kerfið einkennist að tæknilegum atriðum sem þessum getur þó ekki breytt þeirri niðurstöðu að mismunandi álagning eftir landsvæðum feli í sér ríkisaðstoð. Lægri skattstig á svæðum 2-5 fela í sér að ríkið veitir ákveðnum fyrirtækjum fjárhagslega ívilnun sem raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni milli fyrirtækja á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til. Þær staðreyndir sem Noregur vísar til þýða ekki að þessari samkeppnisívilnun sé rutt úr vegi.

Athuga verður þá tilhögun að lægri skattstig séu háð skráðri búsetu starfsmanna með tilliti til áhrifa hennar. Eftirlitsstofnunin telur hvað þetta varðar að hin raunverulega staða sé skýr, þ.e. að atvinnurekendur með aðsetur á svæði 1 sem hafa í vinnu meirihluta norsks vinnuaflds, hafi alla jafna mjög takmarkaða möguleika á að lækka launatengd rekstrargjöld með því að ráða til sín fólk sem hefur skráða búsetu á svæðum 2-5.

Árið 1995, giltu lægri skattstig á svæðum 2-5 um u.þ.b. 850 000 manns þ.e. 26,5 % allra launþega, en hæsta stigið á svæði 1 gildi um meirihlutann eða 73,5 %. Eftirlitsstofnunin telur að ekki sé unnt að líta á slíka mismunun sem almenna ráðstöfun sem útiloki beitingu 1. mgr. 61. gr.

Sú athugasemd að tiltekin fyrirtæki á svæði þar sem álagning er há geti ráðið fólk til starfa frá svæði þar sem álagning er lág breytir því ekki að þeir sem njóta góðs af því eru yfirleitt stór fyrirtæki með aðsetur á svæðum 2-5, sbr. töflu 3.

- e) Norska ríkisstjórnin bendir á að ekki sé unnt að líta á lægri almannatryggingagjöld í Noregi sem undantekningu frá almennt gildandi skattstigum, eins og um var að ræða í „fjölskyldubótadómnum“. Í lögum er ekki kveðið á um almennt skattstig, með undantekningum fyrir ákveðin svæði, heldur um kerfi fimm skattstiga sem gilda sérstaklega um hvert svæði. Norska ríkisstjórnin leggur einnig áherslu á að norska kerfið sem hér er verið að rannsaka beinist ekki sérstaklega að útflutningsatvinnugreinum eða öðrum atvinnugreinum sem eiga í alþjóðlegri samkeppni. Í þessu samhengi er tiltekið að flestar útflutningsatvinnugreinar eru staðsettar miðsvæðis og að skattstigið á þeim svæðum (svæði 1) var hækkað til að tryggja ríkistekjur þegar mismunandi álagningu var fyrst komið á árið 1975. Norska ríkisstjórnin ítrekar að mismunandi álagning almannatryggingagjalda á atvinnurekendur eftir landsvæðum geti ekki talist fela í sér aðstoð sem beinist að „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“.

- Um e) Sú staðreynd að þessi tilhögun byggir á kerfi fimm skattstiga breytir ekki áhrifunum af mismununinni, nefnilega að fyrirtæki sem staðsett eru á svæðum 2-5 greiða alla jafna lægri framlög til almannatrygginga en fyrirtæki á svæði 1. Sú röksemd að almennt skattstig er ekki

(35) Sjá 13. mgr., Ítalía *gen framkvæmdastjórninni*, mál 173/73.

skilgreint í kerfinu útilokar ekki beitingu 1. mgr. 61. gr. Enn eru það áhrif skattatilhögunarinnar sem ráða úrslitum.

Norsk stjórnvöld virðast halda því fram að málsatvik í „fjölskyldubótadómnum“ séu ekki sambærileg við málið sem hér er til umfjöllunar. Það sé vegna þess að aðstoðin í „fjölskyldubótadómnum“ beindist, andstætt þessu máli, eingöngu að útflutningsatvinnugreinum. Þannig virðast norsk stjórnvöld telja að meginreglurnar sem mælt var fyrir um í „fjölskyldubótadómnum“ gildi aðeins um ríkisaðstoð sem beinist að útflutningsfyrirtækjum. Þó er ekkert í dómi Evrópudómstólsins sem styður sjónarmið Noregs. Þvert á móti leiðir af 19. mgr. dómsins að aðstoð myndi hafa áhrif á viðskipti og því vera andstæð 92. gr. EB-sáttmálans að því marki sem ítalskur textíliðnaður átti í samkeppni við textíliðnað í öðrum aðildarríkjum, en ekki einungis ef Ítalir framleiddu textílvöru til útflutnings. Þannig hefði 92. gr. sáttmálans átt við í því máli jafnvel þótt ítalskur iðnaður flytti ekki út vörur sínar heldur ætti einungis í samkeppni við innfluttar vörur. Þannig styður 19. mgr. ekki sjónarmið norskra stjórnvalda. Ennfremur er ekki að finna neinar aðrar umsagnir í dómnum sem benda til þess að meginreglurnar sem dómstóllinn mælir fyrir um hafi takmarkað gildi eins og norsk stjórnvöld gefa í skyn. Því hefur málið gildi fyrir það mál sem hér er til umfjöllunar.

- f) Norska ríkisstjórnin vekur einnig athygli á því að allmörg skattkerfi, þar sem álagning sé mismunandi, séu við lýði í löndum Evrópusambandsins, og vísar í því sambengi til belgíska kerfisins „*Maribel Quater*“ sem framkvæmdastjórnin samþykkti.

- Um f) Hugsanleg tilvist annarra skattakerfa sem að lokinni rannsókn kynnu einnig vera talin fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins veitir Eftirlitsstofnuninni ekki gilda ástæðu til að hafast ekki að í því máli sem hér er um ræðir.

Upplýsingarnar<sup>(36)</sup> sem Eftirlitsstofnunin hefur undir höndum sýna að framkvæmdastjórnin byggði samþykki sitt á belgíska „*Maribel Quater*“-kerfinu á þeirri niðurstöðu að lækkan framlaga til almannatrygginga fyrir ófaglært verkafólk, með þeim skilyrðum sem belgíska ríkisstjórnin lagði til, fæli ekki í sér ríkisaðstoð. Taldi framkvæmdastjórnin að áhrif kerfisins yrðu ekki sértæk í þeim skilningi að „*Maribel Quater*“ myndi ekki ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara. Kerfið var talið fela í sér almenna ráðstöfun sem gildi um öll fyrirtæki sem réðu ófaglært verkafólk til starfa.

- g) Norsk stjórnvöld vísa einnig til þess sem þau líta á sem þversögn, nefnilega að fallist er á mismunandi stefnu í efnahagsmálum og sérstaklega mismunandi skattakerfi meðal landa á Evrópska efnahagssvæðinu, en að í málinu sem hér er um ræðir hafi Eftirlitsstofnunin dregið í efa að hægt sé að fallast á mismunandi skattlagningu innan eins ríkis. Því er haldið fram að afstæðir skattar í Noregi skipti nær engu máli við mat á samkeppni milli fyrirtækja í ólíkum EES-löndum. Heldur ætti að gera samanburð á raunverulegri skattlagningu á fyrirtæki sem eiga í samkeppni innan EES, og meta alla skatta sem varða atvinnurekstur. Rétt væri að kanna hvort skattar á fyrirtæki á álagningarsvæðum 2-5 í Noregi séu verulega lægri en fyrir samkeppnisfyrirtæki þeirra í öðrum EES-löndum. Norsk stjórnvöld virðast vera þeirrar skoðunar að svæðisbundinn mismunur á skattlagningu í sama landi, sem grundvallast á sjálfstæði staðbundinna yfirvalda til skattlagningar, falli utan gildissviðs 61. gr.

- Um g) Samræming á öllum þáttum sem hafa áhrif á framleiðslukostnað fyrirtækja í ýmsum EES-ríkjum myndi falla utan gildissviðs EES-samningsins. Eins og norsk yfirvöld viðurkenna á þetta einnig við um skatta. Því ætti að vera ljóst að samanburður á raunverulegri skattbyrði fyrirtækja í samkeppni eins og Noregur leggur til skiptir ekki máli þegar metið er hvort ríkisaðstoð sé veitt í andstöðu við 1. mgr. 61. gr.

Spurningunni um hvort ráðstafanir sem leiða af sjálfstæði staðbundinna stjórnvalda til

<sup>(36)</sup> Sjá bréf framkvæmdastjórnarinnar frá 15. apríl 1997, SG (97) D/2850, Objet: Aide d'Etat n° N 132/97 Belgía.

skattlagningar í hverju landi falli undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. eða ekki verður að svara með tilliti til aðstæðna í hverju máli fyrir sig. Í því máli sem hér um ræðir er ekki um neinar slíkar ráðstafanir að ræða þar sem mælt er fyrir um mismunandi skattstig í löggjöf ríkisins.

- h) Til þess að ráðstöfun teljist fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna. Norska ríkisstjórnin heldur því fram að í ákvörðun Eftirlitsstofnunarinnar um að hefja formlega rannsókn hafi stofnunin ekki útskýrt hvernig hún teldi því skilyrði fullnægt í þessu máli.

- Um h) Eins og Eftirlitsstofnunin benti á í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn hefur norska hagstofan greint um 180 útflutningsfyrirtæki og fyrirtæki sem keppa við innflutning, hvert með meira en 50 starfsmenn, í framleiðslugeiranum einum (auk stálvinnslufyrirtækja og skipasmíðastöðva), sem eru staðsett á álagningarsvæðum 2-5 og njóta því góðs af lægri álagningu. Ennfremur hefur norska hagstofan birt upplýsingar sem sýna að í öllum fylkjum Noregs eru framleiðslu- og námafyrirtæki sem flytja út framleiðslu sína<sup>(37)</sup> og að hlutdeild útfluttrar framleiðsluvöru fór vaxandi<sup>(38)</sup> á tímabilinu frá 1986 til 1994. Því er hafið yfir allan vafa að fjárhagslegur ávinningur af lægri álagningu getur haft áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

Lokaathugasemd frá norsku ríkisstjórninni er að þegar norska Stórþingið samþykkti að fullgilda EES-samninginn hafi það verið mikilvæg forsenda að viðhalda kerfi álagningar almannatryggingargjalda á atvinnurekendur sem væri mismunandi eftir landsvæðum.

Hvað þetta málefni varðar tekur Eftirlitsstofnunin fram að þegar norska Stórþingið samþykkti að fullgilda EES-samninginn féllst það á samninginn í heild sinni, þar með talin ákvæðin um ríkisaðstoð og ákvæði 6. gr., þar sem kveðið er á um að við túlkun á samningnum gildi viðeigandi úrlausnir Evrópuðómstólsins. Nánar tiltekið hefur hvorki EES-samningurinn né neitt þeirra skjala sem vörðuðu fullgildingu hans að geyma nein ákvæði sem skilja má á þann hátt að þau takmarki gildissvið reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð að því er varðar norska kerfið sem gerir ráð fyrir mismunandi framlögum til almannatrygginga eftir landsvæðum.

### 3. Beiting a- og c-liðar 3. mgr. 61. gr.

#### 3.1 Almennt

Á meðan rannsókn málsins stóð bærust Eftirlitsstofnuninni ekki neinar röksemdir eða upplýsingar sem gáfu henni ástæðu til að breyta þeirri afstöðu sem hún tók í ákvörðun sinni frá 14. maí 1997 um að leggja til viðeigandi ráðstafanir við Noreg, nefnilega að kerfið sem slíkt, án nokkurra breytinga ætti ekki rétt á undanþágum samkvæmt 2. og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Norsk yfirvöld líta beinlínis á kerfið sem hér er til umfjöllunar sem tæki vegna byggðastefnu. Eftirlitsstofnunin hefur rannsakað hvort kerfið samrýmist reglum um byggðaaðstoð sem grundvallast á a- og c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnunin hefur einnig kannað aðrar undantekningar samkvæmt 2. og 3. mgr. 61. gr. og komist að þeirri niðurstöðu að þær eigi ekki við í þessu máli.

Lægri skattstig á svæðum 2-5 hafa bein áhrif á rekstrarkostnað fyrirtækja vegna þess að stigin miðast við heildarlaun hvers starfsmanns. Lægri stig tengjast ekki fjárfestingum og ekki er gerð nein krafa um framlag frá þeim sem njóta góðs af þeim. Aðstoð af þessu tagi sem leiðir af sér lækkan launakostnaðar hlýtur að teljast fela í sér rekstraraðstoð. Í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð<sup>(39)</sup>, lýsti Eftirlitsstofnun EFTA því yfir að hún hefði í meginatriðum efasemdir um hvort rekstraraðstoð, þ.e. aðstoð sem ekki tengdist stofnfjárfestingum eða atvinnusköpun, samrýmdist framkvæmd EES-samningsins. Þó kann Eftirlitsstofnunin að telja, eins og rakið er hér á eftir, að ákveðin rekstraraðstoð samrýmist samningnum.

<sup>(37)</sup> Sjá töflu 1 við „Regional fordeling av leveranser i industri og bergverk, Vedleggsundersøkelse til industristatistikken“ eftir Kenneth Årdalen og Terje Søsæter, Notat 25/96, norska hagstofan.

<sup>(38)</sup> Sjá „Ukens Statistikk Nr 22/96“, norska hagstofan.

<sup>(39)</sup> Sjá m.a. 8. mgr. í lið 26.1. í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð.

### 3.2. Ákvæði a-liðar 3. mgr. 61. gr.

Í þætti 28.1.5. í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð hefur Eftirlitsstofnunin látið í ljós það sjónarmið að hún geti heimilað rekstraraðstoð til að ráða bót á sérstökum eða viðvarandi erfiðleikum við tiltekna aðstæður og með ákveðnum skilyrðum þegar um er að ræða aðstoð til að efla hagþróun á svæðum sem eiga rétt á undanþágu samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Þegar Eftirlitsstofnun samþykkti kortið yfir aðstoðarsvæði sem eiga rétt á svæðisbundinni fjárfestingaraðstoð í Noregi<sup>(40)</sup>, komst hún hins vegar að þeirri niðurstöðu að engin svæði í Noregi ættu rétt á svæðisbundinni aðstoð á grundvelli a-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Eftirlitsstofnunin verður því að byggja mat sitt á því hvort lægri skattstig almennatryggingagjalda á landsvæðum 2-5 samrýmast EES-samningnum á c-lið 3. mgr. 61. gr. hans.

### 3.3. Ákvæði c-liðar 3. mgr. 61. gr.

Við mat á því hvort aðstoðarráðstöfun eigi rétt á undanþágu frá almenna banninu við ríkisaðstoð sem kveðið er á um í 1. mgr. 61. gr. á grundvelli undanþágunnar í c-lið 3. mgr. 61. gr. verður að kanna í hve miklum mæli aðstoðarráðstöfun geti, þegar um er að ræða svæðaaðstoð, talist stuðla að byggðapróun. Forsenda þessa er síðan að viðkomandi svæði standi frammi fyrir sérstökum byggðapróunarvanda sem ráðstöfuninni er ætlað að ráða bót á. Slíkur byggðapróunarvandi getur endurspeglast í tekjum, kerfislaugu atvinnuleysi eða dreifbýli á tilteknu svæði, en síðastnefnda viðmiðið er einkum mikilvægt í þessu máli, að teknu tilliti til íbúadreifingar á viðkomandi landsvæðum.

Í 1. mgr. í 28.2.3.1. í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð segir: „*Til að taka mið af sérstökum vandamálum varðandi byggðapróun sem til eru komin vegna íbúadreifingar kemur einnig til greina að veita svæðum, sem svara til svæða á III. NUTS-stigi þar sem íbúar eru færri en 12,5 á ferkílómetra, svæðaaðstoð samkvæmt undanþágunni í c-lið 3. mgr. 61. gr.*“

Þar af leiðandi skiptir máli að rannsaka hvort álagningarsvæði 2-5 megi flokka sem svæði sem falla undir c-lið 3. mgr. 61. gr. á grundvelli viðmiðsins um dreifbýli.

Ákvæði þáttar 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð um svæðisbundna aðstoð vegna flutninga á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr., taka til nokkurra viðmiða sem tryggja að slík rekstraraðstoð réttlætist af því að hún bæti upp ákveðinn tilgreindan vanda. Svæðisbundin aðstoð vegna flutninga er réttmæt leið til að bæta upp fyrir sérstakan vanda sem einkennir Norðurlöndin, einkum aukakostnað vegna mjög mikilla vegalengda til markaða og erfiðra veðurskilyrða.

Eftirlitsstofnunin hefur rannsakað í hve ríkum mæli hægt sé að réttlæta rekstraraðstoð í formi lægri framlaga til almennatrygginga sem óbeinar bætur vegna aukakostnaðar af flutningum (óbein flutningsaðstoð) til framleiðslufyrirtækja.

Viðmiðin sem eru skilgreind í þætti 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð má flokka í eftirfarandi aðalflokka, nefnilega i) svæði sem eiga rétt á svæðisbundinni flutningsaðstoð, ii) bætur fyrir aukakostnað af flutningum og iii) aðstæður sem tengjast ákveðinni starfsemi.

### 3.4. Svæði sem eiga rétt á svæðisbundinni flutningsaðstoð

Í fyrsta undirlið 2. mgr. í þætti 28.2.3.2. í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð er gert ráð fyrir að svæðisbundna flutningsaðstoð

- “... megi aðeins veita fyrirtækjum sem staðsett eru á svæðum sem eiga rétt á byggðaaðstoð á grundvelli dreifbýlisviðmiðsins“.

<sup>(40)</sup> Sjá ákvörðun 110/98/COL frá 28. apríl 1998 um kort yfir svæði sem njóta aðstoðar (Noregur).

Níu fylki (NUTS-stig III) af nítján uppfylla dreifbýlisviðmiðið um færri en 12,5 íbúa á ferkílómetra á fyrsta stigi greiningarinnar. Í þessum fylkjum búa 31% þjóðarinnar, en 27% þjóðarinnar búa á álagningarsvæðum 2-5.

Hagstæð álagningarsvæði taka að öllu leyti til fjögurra af fylkjunum níu (Sygna- og Firðafylki (svæði 2), Norðland, (svæði 4), Troms (svæði 4 og 5) og Finnmörk (svæði 5)). Í fimm af þessum níu fylkjum (Norður-Þrændalög, Austur-Agðir, Þelamörk, Upplönd og Heiðmörk), taka álagningarsvæði 2-4 aðeins til ákveðinna hluta. Þeir hlutar eru auk þess fremur strjálbýlir. Í öllum tilvikum er meðalíbúafjöldi þeirra talsvert undir 12,5 íbúum á ferkílómetra.

Sex af þeim tíu fylkjum sem eftir eru (Buskerud, Vestur-Agðir, Rogaland, Hörðaland, Mæri og Raumsdalur, Suður-Þrændalög) sem uppfylla ekki dreifbýlisviðmiðið til fulls, falla að hluta til undir álagningarsvæði 2 og 3. Þessir hlutar eru einnig tiltölulega strjálbýlir með færri en 12,5 íbúa á ferkílómetra. Fjögur fylki eru að öllu leyti innan álagningarsvæðis 1.

Til að svæði eigi rétt á svæðisbundinni flutningsaðstoð, er þess krafist samkvæmt 2. mgr. í þætti 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð að Eftirlitsstofnunin heimili hana. Eftirlitsstofnunin mun byggja mat sitt á hvaða svæði eigi rétt á svæðisbundinni flutningsaðstoð á þeim meginreglum sem kveðið er á um í 1. viðauka við þessa ákvörðun.

Hvað varðar það mál sem hér er til athugunar hefur Eftirlitsstofnunin komist að þeirri niðurstöðu að tilkynni norsk yfirvöld svæði, eftir að hafa móttakið ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skuli tilgreina til svæðisbundinnar flutningsaðstoðar, kunnir fylkin Finnmörk, Troms, Þrændalög, Norðland og Sygna- og Firðafylki í heild og þeir hlutar af Norður-Þrændalögum sem tilheyra álagningarsvæðum 2-4, að eiga rétt á henni. Eftirlitsstofnunin er hins vegar ekki sannfærð um, í ljósi þeirra upplýsinga sem hafa verið lagðar fram til þessa, að svæðisbundin flutningsaðstoð sé réttlætunleg hvað varðar öll sveitarfélög sem nú eru á álagningarsvæði 2 í fylkjunum Rogalandi, Hörðalandi, Mæri og Raumsdal og Heiðmörk. Þetta á sérstaklega við þá hluta síðastnefndu fylkjanna sem að meginreglu mynda ekki samhangandi svæði við önnur sveitarfélög á álagningarsvæði 2, þau sem eru nálægt stærri borgum, eða þau sem á annan hátt virðast ekki þarfnast varanlegra bóta til að tryggja byggðaþróun.

### 3.5. Bætur fyrir aukakostnað af flutningum

Í 2. – 5. undirlið í 2. mgr. í þætti 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð segir:

- *Aðstoðina má einungis nýta til að bæta upp aukakostnað af flutningum. Viðkomandi EFTA-ríki verður að færa rök fyrir því að þörf sé á bótum. Aldrei má veita bætur umfram kostnað. Taka ber til greina aðrar aðstoðaráætlanir vegna flutninga, einkum samkvæmt 49. og 51. gr. EES-samningsins.*
- *Eingöngu er heimilt að veita aðstoð í tengslum við aukakostnað vegna vöruflutninga innan landamæra viðkomandi lands. Hún má ekki verða að útflutningsstyrk.*
- *Aðstoð verður að vera unnt að ákvarða fyrirfram á hlutlægan hátt á grundvelli aðstoðar miðað við hvern kílómetra eða á grundvelli aðstoðar miðað við hvern kílómetra og aðstoðar miðað við hverja þyngdareiningu, og gera verður ársskýrslu sem meðal annars sýnir hvernig hlutfallið eða hlutföllin virka.*
- *Áætlaður aukaflytningakostnaður verður að vera grundvallaður á hagstæðasta flutningsmátanum og stystu vegalengdinni milli framleiðslu- eða vinnslustaðar og sölustaðar.*

Hvað varðar stig óbeinna bóta vegna aukaflytningakostnaðar sem fást fyrir tilstilli lægri skattstiga á svæðum 2-5, hefur Noregur lagt fram ítarlega könnun á aukakostnaði 36 útflutningsfyrirtækja og fyrirtækja sem keppa við innflutning sem leiðir í ljós að ekkert þeirra fyrirtækja naut hagræðis í formi lægri framlaga til almannatrygginga umfram aukakostnað þeirra af flutningum. Þessar sérstöku athuganir eru ennfremur studdar með heildstæðari útreikningum sem grundvallaðir eru á ýmis konar tölfræðilegum upplýsingum.



Eftirlitsstofnunin hefur veitt því athygli að úrtak fyrirtækjanna, sem sérstaka könnunin á aukaflutningskostnaði einstakra fyrirtækja tók til, endurspeglar mynstrið í mikilvægustu útflutningsgreinum í Noregi. Eftirlitsstofnunin telur að úrtak fyrirtækjanna sé dæmigert fyrir fyrirtæki á viðkomandi álagningarsvæðum. Könnunin tekur m.a. til úrtaks framleiðenda orkrufrekrar iðnaðarvöru svo sem hrááls og járnblendis með aðsetur við ströndina. Eftirlitsstofnunin hefur einnig veitt því eftirtekt að þessi könnun tók ekki til fyrirtækja í skipasmíðaiðnaðinum né stáliðnaðarfyrirtækja sem falla innan eða utan gildissviðs sammingsins um Kola- og stálbandalag Evrópu sem sérstakar atvinnugreinareglur gilda um.

Áætlaður ávinningur af lægri launasköttum reiknast sem mismunurinn á raunverulegum framlögum til almannatrygginga og þess sem greitt hefði verið ef skattstigi á svæði 1 hefði verið beitt án lækkunar. Áhrif af hugsanlegum yfirfærsluáhrifum voru ekki tekin með í reikninginn.

Upplýsingarnar sem Eftirlitsstofnunin hefur yfir að ráða benda ekki til þess að norskar aðstoðaráætlanir vegna flutninga, sem 49. og 51. gr. EES-sammingsins kann að gilda um, hafi að geyma uppþótarþætti sem fari fram úr þeim fjárhæðum sem rekja má til endurgreiðslu á kostnaði í tengslum við skyldur um opinbera þjónustu. Eftirlitsstofnunin hefur því ekki talið nauðsynlegt að leiðréttu áætlanir um aukakostnað vegna flutninga, með vísan til hugsanlegra áhrifa þessara áætlana, m.a. á flutningsgjöld.

Með hliðsjón af þessu fellst Eftirlitsstofnunin á að framleiðslufyrirtæki sem ekki tilheyra þeim atvinnugreinum sem umrædd könnun tók ekki til, og með aðsetur á álagningarsvæðum 2-5, beri verulegan aukakostnað af flutningum, og að sá fjárhagslegi ávinningur sem leiðir af lægri framlögum til almannatrygginga á sömu svæðum bæti ekki um of þann aukakostnað.

Í útreikningunum er eingöngu tekið mið af flutningskostnaði innanlands, innan landamæra. Eftirlitsstofnunin hefur veitt því athygli að kannanirnar og útreikningarnir sem um getur hér að framan taka fullnægjandi tillit til dæmigerðra atvinnugreina í Noregi sem stunda útflutning. Þar sem lægri skattstig gilda um allar greinar atvinnulífsins fyrir utan stjórnsýsluna og öll fyrirtæki án tillits til starfsemi þeirra lítur Eftirlitsstofnunin ennfremur svo á að hin lægri skattstig beinist ekki sérstaklega að því að styrkja útflutningsfyrirtæki. Þar af leiðandi hefur hún komist að þeirri niðurstöðu að lægri skattstig á svæðum 2-5 feli ekki í sér útflutningsstyrk<sup>(41)</sup>.

Áætlanirnar sem kynntar eru í könnuninni sem um getur hér að framan sýna að unnt er að ákvarða aðstöðina fyrirfram á hlutlægan hátt. Hvað varðar flutningskostnað einstakra fyrirtækja sem sama könnun tók til voru fyrirtækin efnahagslega hvött til að halda flutningskostnaði sínum í lágmarki með því að velja stystu leiðirnar og hagkvæmustu flutningsaðferðir, þar sem þau urðu að standa undir flutningskostnaði með eigin tekjum.

Með hliðsjón af þessu hefur Eftirlitsstofnunin komist að þeirri niðurstöðu að upplýsingarnar sem Noregur lagði fram um hlutföllin milli viðbótarflutningskostnaðar framleiðsluðnaðarinnar og ávinningsins sem leiðir af lægri álagningu bendi ekki til þess að þörf sé á almennri leiðréttingu á svæðum 2-5. Á þessu stigi málsins sé því ekki ástæða til almennrar lækkunar á óbeinum bótum vegna viðbótarflutningskostnaðar.

Eins og krafist er í 2. mgr. í þætti 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð verður þó að veita í tilskildum ársskýrslum um þetta kerfi upplýsingar sem sýna hlutfallið aðstoð á hvern kílómetra eða aðstoð á hvern kílómetra og aðstoð á hverja þyngdareiningu til að uppfylla skilyrðið um svæðisbundna flutningsaðstoð.

Í reglunum um svæðisbundna flutningsaðstoð er gert ráð fyrir að „Í *framíðinni verði að takmarka áætlanir um flutningsaðstoð í tíma og að þær megi aldrei vera hagstæðari en fyrirbyggjandi áætlanir í viðkomandi EFTA-ríki*“. Þetta felur í sér að Eftirlitsstofnunin er ekki reiðubúin að samþykka tiltölulegan háan viðbótarflutningskostnað sem rök fyrir að auka muninn milli skattstiga til þess að

<sup>(41)</sup> „Útflutningsstyrkur“ er hverskyns aðstoð sem tengist beint útflutningsmagni, stofnun og rekstri dreifingarneta eða stöðugum útgjöldum vegna útflutningsstarfsemi, sjá leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð, nmgr. við 5. mgr. í 12.1.

innleiða nýjar ráðstafanir sem myndu þýða auknar bætur fyrir viðbótarflutningskostnað eða til að útvíkka svæðið þar sem óbeinar bætur fyrir viðbótarflutningskostnað eru veittar í formi lægri framlaga til almannatrygginga.

3.6. Aðstæður sem tengjast ákveðinni starfsemi.

3.6.1. Fyrirtæki sem ekki er hægt að staðsetja annars staðar

Í sjötta undirlið 2. mgr. í þætti 28.2.3.2. í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð segir:

„Óheimilt er að veita aðstoð vegna flutninga eða vörusendinga fyrirtækja sem ekki er hægt að staðsetja annars staðar (vörur úr námuíðnaðinum, vatnsaflsraforkustöðvar, o.s.frv.).“

Þessa reglu verður að skoða með hliðsjón af reglunum sem þegar hefur verið fjallað um í þætti 3.5 hér að framan, einkum með hliðsjón af reglunni um að aðstoðar sé þörf af hlutlægum ástæðum.

Þegar afskekkt hérað er ríkt af náttúruauðlindum sem hagnýta má í atvinnuskyni verður að líta á það sem kost en ekki ókost þess, enda þótt um kunni að vera að ræða aðra ókosti hvað varðar almenna uppbyggingu atvinnugreina. Hvað varðar starfsemi sem grundvallast á hagnýtingu náttúruauðlindar kann að vera óþarft að niðurgreiða flutningskostnað í hennar þágu, vegna þess að samkvæmt skilgreiningu kann ávinningurinn af auðlindinni að vega upp á móti flutningskostnaði eða kostnaði af því að flytja framleiðsluna til staðar þar sem flutningskostnaður er lægri.

Starfsemi sem hér þarf að athuga er i) framleiðsla og dreifing á raforku, ii) vinnsla jarðolíu og jarðgass og tengd þjónusta, og iii) námu- og grjótvinnsla.

#### *Framleiðsla og dreifing á raforku*

Af orðalagi þáttar 28.2.3.2. í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð leiðir að „Óheimilt er að veita aðstoð vegna ... vörusendinga (undirstrikað hér) ... (... vatnsaflsraforkustöðvar ... “). Ástæða þess að þessi krafa er felld inn í reglurnar um svæðisbundna flutningsaðstoð er í grundvallaratriðum að líta verður svo á að allur raforkuiðnaðurinn grundvallast á náttúruauðlindum. Eftirlitsstofnunin hefur komist að þeirri niðurstöðu að þörfin á svæðisbundinni flutningsaðstoð sé ekki augljós, að slík aðstoð myndi ekki stuðla að því að efla byggðaðþróun að verulegu leyti og að auki sé hættu á að ávinningur af slíkri aðstoð færist yfir til útflutningsatvinnuvega. Eftirlitsstofnunin telur ekki að flutningskostnað á sviði raforkudreifingar (sennilega aðallega orkutap) megi tengja vandkvæðum sem unnt er að ráða bót á með því að flytja einhverja hluta starfseminnar (til dæmis stjórnstöðvar) til miðlægari svæða. Af þessum sökum hefur Eftirlitsstofnun komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að láta atvinnugreinina NACE 40.1 (Framleiðsla og dreifing á raforku) njóta góðs af lægri skattstigum sem notuð eru á svæðum 2-5.

#### *Starfsemi varðandi vinnslu á jarðolíu og jarðgasi og tengd þjónusta*

Eftirlitsstofnunin hefur komist að þeirri niðurstöðu að starfsemi sem tengist vinnslu á jarðolíu og jarðgasi beri að útiloka frá ávinningnum sem ráðstafanirnar sem hér eru til athugunar hafa í för með sér. Afstaða Eftirlitsstofnunarinnar grundvallast ekki eingöngu á sjónarmiðum varðandi ákvarðanir um staðsetningu. Hún byggir á almennari hátt á þeirri skoðun að atvinnugreinin er mjög arðsöm og þarfnast því ekki svæðisbundinnar flutningsaðstoðar. Þar af leiðandi uppfyllir hún ekki kröfuna sem felst í c-lið 3. mgr. 61. gr. og skýrt er kveðið á um í viðmiðum um svæðisbundna flutningsaðstoð, sbr. „Viðkomandi EFTA-ríki verður að sýna fram á á hlutlægan hátt að þörf sé á bótum.“. Rekstraraðstoð í þágu vinnslu á jarðolíu og jarðgasi er því ekki talin réttlætlanleg með vísan til byggðaðþróunar. Norsk stjórnvöld verða því að tryggja að atvinnugreinin NACE 11.10 (Vinnsla á hráolíu og gasi) og atvinnugreinin NACE 11.20 (Þjónustustarfsemi í tengslum við olíu- og gasvinnslu, að undanskilinni leitarstarfsemi) njóti ekki góðs af lægri skattstigum á svæðum 2-5.

### Námavinnsla og grjótnám

Námavinnsla og grjótnám taka til nokkurra undirgreina þar sem aðgangur að auðlindum er sérstakur fyrir hverja grein. Starfseminni má skipta í i) málmgrýtisnám, ii) iðnaðarjarðefni, iii) grjótnám og iv) malar- og sandnám.

Það sem einkennir þennan iðnað er vinnsla náttúruauðlinda. Þetta þýðir að iðnaðarstarfsemi þessa atvinnuvegar tengist efnum sem ákvarðast jarðfræðilega og sem eru óhjákvæmilega háð staðsetningu.

Aðgengi að jarðefnaauðlindum hefur áhrif á það að hve miklu leyti ákvarðanir um fjárfestingu í því skyni að hefja námavinnslu og grjótnám miðast við staðsetningu þeirra. Vinnsla auðlindar sem einkennist af litlum forða og fáum þekktum æðum hneigist til að vera staðbundnari en vinnsla auðlindar þar sem æðar eru margar og forði mikill. Aðstæður geta því verið fyrir hendi þar sem fyrirtæki sem fæst við vinnslu á tilteknum náttúruauðlindum getur, að meginreglu til, valið sér staðsetningu vegna þess að framleiðslan grundvallast á umtalsverðum forða sem dreifist á stórt svæði. Eftirlitsstofnunin viðurkennir því að í námavinnslu og grjótnámi sé einnig að finna fyrirtæki sem eigi við sambærileg vandamál að etja og önnur iðnfyrirtæki hvað varðar staðsetningu.

Eftirlitsstofnunin telur að vinnsla málmgrýtis sé starfsemi sem er bundin við staðsetningu og grundvallast á takmörkuðum náttúruauðlindum. Hún kemst að sömu niðurstöðu hvað varðar nýtingu á iðnaðarjarðefnunum nefelínsýeníti og ólivíni.

Því kemst Eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að fyrirtækjum sem starfa við málmgrýtisnám (NACE 13) og/eða við vinnslu á iðnaðarjarðefnunum nefelínsýeníti (HS 2529.3000) og ólivíni (HS 2517.49100) ætti ekki að vera heimilt að njóta hagræðis af lægri skattstigum sem notuð eru á svæðum 2-5.

Eftirlitsstofnuninni er kunnugt um að tiltekin fyrirtæki í norskum námaíðnaði hafa átt í fjárhagserfiðleikum. Eftirlitsstofnunin er reiðubúin meta, í kjölfar tilkynningar og athugunar á hverju tilviki, hvort slík fyrirtæki geti talist vera í stöðu sem veiti þeim rétt á björgunar- eða endurskipulagningaraðstoð, m.a. á grundvelli félagslegra sjónarmiða.

Eftirlitsstofnunin hefur komist að þeirri niðurstöðu m.a. með hliðsjón af þeim jarðfræðilegu upplýsingum sem norsk stjórnvöld hafa lagt fram og röksemdunum sem um getur hér að framan um vinnslu jarðefna sem grundvallast á tiltölulega miklum auðlindum, að ekki sé þörf á að útiloka vinnslu annarra jarðefna en nefelínsýenítis og ólivíns frá þeim möguleika á að njóta góðs af lægri álagningarstigum á svæðum 2-5. Eftirlitsstofnunin hefur í þessu samhengi tekið til greina að starfsemin sem um ræðir er oft í eðli sínu staðbundin og að um er að ræða verulegan fjölda tiltölulega lítilla fyrirtækja. Hvað varðar iðnaðarjarðefni hefur hún einnig tekið tillit til að frekari vinnsla á staðnum úr náttúrulegu ástandi þeirra er líkleg til að stuðla að atvinnu og byggðaðþróun. Starfsemi í tengslum við steinnám, malar- og sandnám grundvallast alla jafna á vinnslu ríkra jarðefnaauðlinda. Slík starfsemi telst því ekki vera staðbundin.

### 3.6.2. Starfsemi sem fellur undir sérstakar atvinnugreinareglur

Í sjöunda undirlið 2. mgr. í þætti 28.2.3.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð segir:

*Flutningsaðstoð til fyrirtækja í iðnaði sem Eftirlitsstofnun EFTA telur viðkvæman (bílaiðnaður, textíliðnaður, gervipráðaiðnaður, vörur sem falla innan gildissviðs samningsins um KSE og stál sem fellur utan gildissviðs samningsins um KSE) er háð iðngreinabundnum reglum um viðkomandi iðnaðarstarfsemi og því ber sérstaklega að virða sérstaka tilkynningaskyldu sem kveðið er á um í viðeigandi köflum þessara leiðbeininga eða í gerðinni sem vísað er til í lið 1a í XV. viðauka við EES-samninginn.<sup>(42)</sup>*

<sup>(42)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 3855/91/KSB frá 27. nóvember 1991 um að setja bandalagsreglur fyrir aðstoð til stáliðnaðarins (Stjtið. EB nr. L 362, 31.12.1991, bls. 57).“

Að auki gilda sérstakar reglur um skipasmíðar. Núverandi áætlanir í Noregi um aðstoð við skipasmíðar gera ráð fyrir samningsbundinni framleiðsluáðstoð sem nemur 7% af samningsverði fyrir aðstoð, fyrir skip sem eru að minnsta kosti 10 milljón ECU að samningsverði og 3,5% fyrir skip að samningsverði innan við 10 milljón ECU, sem og fyrir meiriháttar breytingar á skipum. Norsk stjórnvöld hafa ekki lagt fram neinar upplýsingar sem sýna að skipasmíðastöðvar í Noregi eigi við varanlega erfiðleika að glíma sem unnt sé að bæta úr með svæðisbundinni flutningsaðstoð, né heldur hafa þau veitt upplýsingar um viðbótarflutningskostnað slíkra fyrirtækja, né umfang aðstoðar í formi lægri álagningar almannatryggingagjalds með hliðsjón af umfangi rekstraraðstoðar sem heimilt er að veita til skipasmíðaiðnaðarins. Eftirlitsstofnunin kemst því að þeirri niðurstöðu að fyrirtæki sem gerðin tekur til sem um getur í lið 1b í XV. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 90/684/EBE um aðstoð til skipasmíða) megi ekki, án tillits til staðsetningar þeirra, njóta góðs af lægri skattstigum sem notuð eru á svæðum 2-5.

Samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 1a við XV. viðauka við EES-samninginn (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE) um aðstoð við stáliðnað í Kola- og stálbandalaginu, er engin rekstraraðstoð leyfð nema til lokana. Því megi framleiðendur á stálvörum sem falla innan gildissviðs KSE, án tillits til aðseturs, ekki njóta góðs af lægri skattstigum sem gilda á svæðum 2-5.

Hvað varðar stálframleiðslu utan vörusviðs Kola- og stálbandalagsins, gilda sérstöku tilkynningakröfurnar sem kveðið er á um í atvinnugreinareglunum í málinu sem hér um ræðir aðeins um framleiðslu á heildregnum rörum og stórum soðnum rörum (þverm. > 406,4 mm). Engar sérstakar tilkynningakröfur gilda um textíliðnaðinn. Sérstöku tilkynningakröfurnar sem settar eru í atvinnugreinareglunum gilda ekki um aðstoð við gervitrefjaiðnaðinn, ef gervitrefjarnar sem eru framleiddar eiga aðeins skamman líftíma áður en þær eru notaðar til að framleiða kaðla, fiskinet eða aðrar óofnar vörur. Aðstoð vegna framleiðslu á bílahlutum eða aukabúnaði í bíla fellur ekki undir sérstöku reglurnar um aðstoð við bílaiðnaðinn, nema þegar slík aðstoð er veitt bílaframleiðendum eða dótturfyrirtækjum þeirra til að framleiða hluti eða aukabúnað samkvæmt framleiðsluleyfi eða einkaleyfi bílaframleiðandans.

Ef áætlaður ávinningur af lægri álagningu almannatryggingagjalda í þágu fyrirtækis sem tengist framleiðslu á annaðhvort vélknúnum ökutækjum, stáli utan KSE eða gervitrefjaefnum fer ekki yfir 100 000 ECU á þriggja ára tímabili, gildir reglan um minniháttar aðstoð. Hvað varðar starfsemi innan þessara greina, þar sem tilkynningakröfur gilda, verður að tilkynna sérstaklega um hverja hugsanlega flutningsaðstoð við slíka starfsemi og meta hvert tilvik á grundvelli viðeigandi atvinnugreinareglna.

Samkvæmt upplýsingum sem norsk stjórnvöld lögðu fram virðast engin fyrirtæki nú fást við framleiðslu á vörum sem falla undir gildissvið hinna sérstöku tilkynningarkrafna samkvæmt reglunum um aðstoð við stáliðnað utan KSE. Hvað varðar gervitrefja- og bílaiðnaðinn er engin framleiðsla í gangi um þessar mundir sem fellur undir atvinnugreinareglur fyrir þessar iðngreinar. Í ljósi þessara staðreynda telur Eftirlitsstofnunin að hægt sé að fallast á að láta þær sérstöku tilkynningarkröfur sem gilda á þessum sviðum koma til framkvæmda í því samhengi sem hér um ræðir með því að fara fram á það við norsk stjórnvöld að þau skuldbindi sig hér eftir til að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um alla styrkþega sem heyra undir fyrrnefndar reglur og njóta góðs af þeim lægri skattstigum sem hér eru til umfjöllunar. Ennfremur verður að fylgja slíkum tilkynningum eftir með ársskýrslum þar sem meðal annars kemur fram sérstaklega áætlaðar fjárhæðir óbeinna bóta fyrir viðbótarflutningskostnað í formi lægri framlaga til almannatrygginga sem gert er ráð fyrir og/eða beinnar flutningsaðstoðar sem veitt hefur verið.

### 3.7. Þjónustustarfsemi og önnur starfsemi en framleiðsla

Eftirlitsstofnunin hefur kannað hvort lægri álagning almannatryggingagjalda á svæðum 2-5 kunni að samrýmast EES-samningnum, á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. hvað varðar atvinnugreinar sem framleiða ekki vörur, svo sem þjónustugreinar og aðra starfsemi en framleiðslu svo sem byggingariðnaðinn.

Reglur um svæðisbundna flutningsaðstoð eru samdar með það í huga að þær gildi aðallega um fyrirtæki sem framleiða vörur og henta því síður við mat Eftirlitsstofnunarinnar á því hvort ráðstafanirnar sem hér um ræðir samrýmist EES-samningnum, m.a. þegar um er að ræða þjónustugreinar.

Eftirlitsstofnunin hefur því við mat á beitingu c-liðar 3. mgr. 61. gr. litið á málið í víðara samhengi. Einkum hefur hún tekið til greina hvernig lækkan almannatryggingagjalda hefur áhrif á atvinnuástand og metið í hve miklum mæli þau lægri skattstig sem hér eru til umfjöllunar hafa áhrif á samkeppni og viðskipti í tilteknum þjónustugreinum.

Kerfisbundið yfirlit um ástandið hvað varðar flutningskostnað í þjónustugreinunum liggur ekki fyrir. Þó er ljóst að ákveðnar þjónustugreinar standa frammi fyrir verulegum flutningskostnaði og kunna því að verða fyrir óhagstæðum áhrifum af aukaflutningskostnaði á sama hátt og vöruframleiðslugreinar. Meðalflutningskostnaður í einni undirgrein heilðsölulustarferis hefur verið metinn á u.þ.b. 5% af veltu<sup>(43)</sup>, en meðalflutningskostnaður fyrir smásölu- og heilðsölustarfsemi í heild verið talinn nema 33% af virðisauka<sup>(44)</sup>.

Eftirlitsstofnunin fellst á að fyrirtæki í flestum þjónustugreinum með aðsetur á svæðum sem kunna að eiga rétt á svæðisbundinni flutningsaðstoð kunni að verða fyrir óhagstæðum áhrifum með beinum eða óbeinum hætti af mjög langri leið til markaða eða miklum fjarlægðum í innanhéraðssamgöngum. Erfið veðurskilyrði er viðbótarþáttur sem kann að auka rekstrarkostnað atvinnurekenda einnig á sviði þjónustu.

Eftirlitsstofnunin viðurkennir að lægri almannatryggingagjöld á álagningarsvæðum 2-5 stuðli að aukinni atvinnu með því að lækka vinnuafskostnað á umræddum svæðum.

Þegar markmiðið með lægri almannatryggingagjöldum er að bæta atvinnuástand geta þau aðeins komið að raunverulegu gagni ef þau taka einnig til greina sem eiga síður í alþjóðlegri samkeppni. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tiltók slíkar greinar í orðsendingu sinni sem ber titillinn „Evrópskt átak sem miðar að því að hvetja til staðbundinnar uppbyggingar og staðbundinna aðgerða í atvinnumálum“<sup>(45)</sup>.

Aðgerðir til að lækka almannatryggingagjöld sem beinast að greinunum sem um getur hér að framan fela í sér tvíþætta kost. Annars vegar hafa þær oft lítil eða engin áhrif á samkeppni og viðskipti á EES og hins vegar felast í þeim miklir möguleikar á að skapa atvinnu<sup>(46)</sup>. Eftirlitsstofnunin getur því alla jafna tekið jákvæða afstöðu til slíkra aðgerða að því marki sem þær falla undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Þetta á sérstaklega við um staðbundna þjónustu. Önnur slík svið eru vaxandi markaðskimar eða undirgreinar sem þjóða upp á möguleika á að skapa atvinnu og sem Eftirlitsstofnunin lítur jákvæðari augum á, svo fremi að þau raski ekki samkeppni í slíkum mæli að það stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.

Um 65% af áætluðum ávinningi af lægri almannatryggingagjöldum fer til atvinnugreina sem ætla má að snerti utanríkisviðskipti í takmörkuðum mæli eða til greina sem 61. gr. EES-samningsins gildir ekki að öllu leyti um; hér má nefna opinbera geirann, byggingastarfsemi, heilðsölu- eða smásölu, veitinga- og gistihús og aðra samfélagslega og persónulega þjónustu, sjá töflu 2. Eftirlitsstofnunin hefur tekið mið af túlkun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna á c-lið 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans í „leiðbeiningum um ríkisaðstoð við fyrirtæki á vanþróuðum borgarsvæðum“<sup>(47)</sup> og í

<sup>(43)</sup> TØI Prosjekt O-1238 Næringslivets transportkostnader for rør- og sanitærgrossister (Hagen).

<sup>(44)</sup> TØI rapport 297/1995 Analyse av kostnadsutviklingen i innenlandske godstransporter (Hagen).

<sup>(45)</sup> Í Stjtið. EB nr. C 265, 12. 10. 1995, bls. 3, 3. mgr. benti framkvæmdastjórnin á 17 svið sem biðu upp á möguleika á að mæta nýjum þörfum evrópskra þegna og skapa veruleg atvinnutækifæri: Heimilisþjónusta, barnaumönnun, ný upplýsinga- og samskiptaþjónusta, aðstoð við ungt fólk í erfiðleikum, auknið öryggi í húsnæðismálum, staðbundin þjónusta í almenningssamgöngum, endurlífsgun almenningssvæða í borgum, hverfaverslanir, ferðaþjónusta, þjónusta á sviði hljóð- og myndmiðlunar, menningararfleifð, staðbundin þróun í menningarmálum, meðferð á sorpi, vatnsþjónusta, vernd og viðhald náttúrusvæða og mengunarvarnir.“

<sup>(46)</sup> Sjá t.d. “OECD Study on Employment - Taxation, employment and unemployment”, OECD 1995.

<sup>(47)</sup> Sjá Stjtið. EB nr. C 146, 14. 05. 1997.

„Tilkynningu um eftirlit með ríkisaðstoð og lækkun vinnuafskostnaðar“<sup>(48)</sup>. Með hliðsjón af þessu teljast lægri skattstig varða starfsemi<sup>(49)</sup> sem stuðlar að aukinni atvinnu á álagningarsvæðum 2-5.

Mjög mikið dreifbýli og byggðamynstur víðast hvar á svæðum 2-5 sýna að þar eru engir byggðakjarnar með fleiri en 50 000 íbúa og að meirihluti íbúanna dreifist á mjög stórt landsvæði, þar sem byggðakjarnar fara sjaldan yfir 5 000 manns. Ennfremur felur þetta í sér að þjónustufyrirtæki á álagningarsvæðum 2-5 eiga takmarkaða vaxtarmöguleika og að starfsemi þeirra miðast alla jafna við staðbundna markaði. Eftirlitsstofnun EFTA hefur einnig tekið til greina að byggðamynstur bæði Noregsmegin við landamærin sem og á nágrennasvæðunum í Svíþjóð og Finnlandi, bendir til þess að lægri skattstig séu ekki líkleg til að hafa veruleg áhrif á þjónustuviðskipti yfir landamæri milli Norðurlandanna.

Að síðustu hefur Eftirlitsstofnunin við mat á lægri skattstigum sem hér eru til umfjöllunar tekið mið af reglunni um minniháttar aðstoð í 12. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð sem Eftirlitsstofnunin samþykkti 15. maí 1996 þar sem kveðið er á um að fari fjárhæð aðstoðar á hvert fyrirtæki ekki yfir 100 000 ECU á þriggja ára tímabili er 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ekki talin eiga við þar sem slík aðstoð hafi ekki merkjanleg áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

Í ljósi þessa hefur Eftirlitsstofnunin komist að þeirri niðurstöðu að hvað varðar þjónustustarfsemi og aðra starfsemi en framleiðslustarfsemi, nema þá sem um getur hér á eftir, og að því marki að hún falli undir gildissvið 1. mgr. 61. gr., séu lægri skattstig réttlætunleg sem aðstoð vegna byggðaðröfnunar á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. svo fremi að lægri skattstig takmarkist við svæði sem Eftirlitsstofnunin viðurkennir að eigi rétt á óbeinum bótum fyrir viðbótarflutningskostnað.

Eftirlitsstofnunin telur þó að lægri skattstig á svæðum 2-5 geti ekki gilt um hluta eftirfarandi þjónustustarfsemi, þ.e. fjármálaþjónustu, flutningastarfsemi og fjarskipti.

Hvað varðar flutningastarfsemi hefur Eftirlitsstofnunin tekið til greina að samkeppni ríkir milli farmflytjenda á vegum frá mismunandi EES-ríkjum, einkum í flutningum milli landa. Eftirlitsstofnunin hefur komist að þeirri niðurstöðu að hætta sé á að ávinningur af lægri skattstigum kunni að koma annarri starfsemi til góða, ef hann standi fyrirtækjum til boða sem fást við millilandaflutninga. Ennfremur kann verulegur hluti starfsemi farmflytjenda á vegum sem eru með aðsetur á svæðum 2-5 í raun að fara fram utan svæðanna sem búa við varanlega ókosti, þ.e. við aðstæður þar sem svæðisbundin flutningsaðstoð er ekki réttlætunleg. Eftirlitsstofnunin dregur því þá ályktun að fyrirtæki með fleiri en 50 starfsmenn (efri mörk fyrir lítil fyrirtæki samkvæmt leiðbeiningunum um ríkisaðstoð) sem fást við starfsemi sem flokkuð er sem vöruflytningar á vegum (NACE 60.24) megi ekki nýta sér ávinninginn af lægri skattstigum á svæðum 2-5.

Ennfremur telur Eftirlitsstofnunin að sama verði að gilda um fyrirtæki á sviði fjarskipta (NACE 64.20) og fyrirtæki með útbú erlendis eða sem reka á annan hátt starfsemi milli landa á sviðum sem flokkuð eru sem fjármálaleg milliganga (NACE 65), fjármögnun trygginga- og lífeyrissjóða (NACE 66) og stoðþjónusta við fjármálalega milligöngu (NACE 67). Ástæður fyrir afstöðu Eftirlitsstofnunarinnar til þessa atriðis eru m.a. að í EES-samningnum er að finna sérákvæði sem miða að því að efla verslun og viðskipti á þessum sviðum og, á almennari hátt, að með tilkomu nýjustu upplýsingatækni megi gera ráð fyrir að miklar vegalengdir og erfið veðurskilyrði hindri aðeins að verulega litlu leyti slíka þjónustustarfsemi á varanlegan hátt. Eftirlitsstofnunin getur hins vegar fallist á að útbú á álagningarsvæðum 2-5 megi njóta góðs af lægri skattstigum á þessum svæðum, svo fremi þau veiti eingöngu staðbundna þjónustu.

### 3.8. Lægri framlög til almannatrygginga frá fyrirtækjum sem staðsett eru á svæði 1

Eins og fram kemur í töflu 3 tengist stærsti hluti ávinningsins af lækkuðum almannatryggingagjöldum, sem fyrirtæki njóta á svæði þar sem skattstig er lágt, starfsmönnum sem búa á sama álagningarsvæði. Hins vegar ef fyrirtæki á álagningarsvæði 1 ræður til starfa fólk sem býr á svæðum 2-5, mun það hagnast á lægri skattbyrði.

<sup>(48)</sup> Sjá Stjtið. EB nr. C 1, 03. 01. 1997.

<sup>(49)</sup> Sjá Stjtið. EB nr. C 265 12. 10. 1995, bls. 3, 3. mgr.

Með réttu má ætla að umtalsverður hluti slíks ávinnings komi atvinnurekendum til góða í greinum þar sem áhrif á viðskipti og alþjóðasamkeppni eru óveruleg, t.d. í þjónustugeiranum og byggingastarfsemi.

Ennfremur mun fjöldi starfsmanna sem býr á öðru álagningarsvæði en því sem fyrirtækið er staðsett á, alla jafna vera lítið brot af heildarfjölda starfsmanna fyrirtækisins.

Með hliðsjón af þessu og í ljósi lágmarksreglunnar, hefur Eftirlitsstofnunin ekki séð ástæðu til að mótmæla þeim möguleika að lægri almannatryggingagjöld kunni að ívilna ákveðnum fyrirtækjum á þennan hátt. Af þessu leiðir að Eftirlitsstofnunin hefur ákveðið að hreyfa ekki andmælum við þeirri staðreynd að að framlög atvinnurekenda til almannatrygginga ákvarðast af skráðri búsetu hvers starfsmanns.

### 3.9. Uppsöfnun aðstoðar

Tiltekin fylki sem falla að öllu leyti eða að hluta til undir álagningarsvæði 2-5 framfylgja áætlunum um beina aðstoð vegna flutninga<sup>(50)</sup>. Þetta þýðir að sú staða getur komið upp að tiltekin fyrirtæki reyni að nýta sér bæði lægri skattstig, sem hér eru til athugunar, og beinar styrkveitingar frá fylkisyfirvöldum til að bæta upp skráðan flutningskostnað. Norsk yfirvöld verða því að innleiða sérstakar reglur til tryggja að umframbætur vegna uppsafnaðrar svæðisbundinnar flutningsaðstoðar frá mismunandi stöðum eigi sér ekki stað.

### 3.10. Ársskýrslur og reglubundin endurskoðun

Það er stefna Eftirlitsstofnunarinnar að fara fram á ársskýrslur um öll gildandi styrkjakerfi í EFTA-ríkjunum til að uppfylla þá skyldu sína að tryggja að öll gildandi styrkjakerfi í EFTA-ríkjunum séu endurskoðuð reglulega með tilliti til þess hvort þau samrýmist 61. gr. EES-samningsins.

Vegna styrkjakerfis sem grundvallast á reglum um svæðisbundna flutningsaðstoð verður að leggja fram sundurliðaðar ársskýrslur í samræmi við eyðublaðið sem sýnt er í III. viðauka við leiðbeiningarnar um ríkisaðstoð. Fyrstu skýrsluna ber að leggja fyrir Eftirlitsstofnunina fyrir 1. júlí árið 2000. Síðari ársskýrslur ber að leggja fram eigi síðar en sex mánuðum frá lokum hvers skýrsluárs, og skulu þær taka til tveggja fjárhagsára.

